

## Samrunaskrá

- (1) Þessi samrunatilkynning er lögð fram fyrir hönd umbjóðanda okkar, Landsbankans hf. („**Landsbankinn**“ eða „**bankinn**“), vegna kaupa Landsbankans á öllu hlutafé í TM tryggingum hf. („**TM**“) (sameiginlega vísað til sem „**samrunaaðilar**“).
- (2) Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið („**SE**“). Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru innan hornklofa sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð SE nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Gögn sem bundin eru trúnaði eru einnig merkt sérstaklega.
- (3) Skráin er tekin saman í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 („**skpl.**“) og að teknu tilliti til leiðbeininga frá SE undir forviðræðum Landsbankans og SE vegna málsins.
- (4) Í samræmi við 3. mgr. 17. gr. a. skpl., sbr. og 7. gr. reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, er samrunatilkynning þessi send SE eftir að kaupsamningur um hlutafé í TM var undirritaður þann 30. maí 2024 og í kjölfar forviðræðna við SE sem óskað var eftir með tölvupósti 31. maí 2024 og hófust með fundi þann 13. júní 2024.
- (5) Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari skrá eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund forsvarsmanna Landsbankans.
- (6) Tengiliðir Landsbankans vegna málsmeðferðar þessarar eru Guðrún Lilja Sigurðardóttir, lögmaður, gudrun@lex.is, og Fjölur Ólafsson, lögmaður, fjolnur@lex.is, LEX, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími 590 2600, samkvæmt umboði á fylgiskjali 1.
- (7) Samrunagjald að fjárhæð 500.000 krónur hefur þegar verið greitt.

## 1. kafli

### Stutt lýsing samruna

#### 1.1 Almenn

- (8) Þann 3. október 2023 ákvað stjórn Kviku banka hf. („**Kvika**“) að hefja undirbúning að sölu eða skráningu TM, og hófst söluferlið 17. nóvember 2023.<sup>1</sup> Þann 20. desember 2023 gerði Landsbankinn óskuldbindandi tilboð í alla útistandandi hluti TM. Í kjölfarið var Landsbankanum boðið að halda áfram í söluferlinu og bankanum veittur aðgangur að áreiðanleikakönnun og frekari upplýsingum um TM.
- (9) Þann 15. mars 2024 lagði Landsbankinn fram bindandi tilboð til Kviku í allt hlutfé TM. Samhliða tilboðinu voru lögð fram drög að kaupsamningi. Tilboðið var bundið því skilyrði að fullnægjandi áreiðanleikakönnun Landsbankans á TM væri lokið, að Landsbankinn og Kvika myndu koma sér saman um endanlegan kaupsamning á hlutum TM og tiltekin önnur skilyrði sem lögð voru fram samhliða tilboðinu (**fylgiskjal 2**).
- (10) Í kjölfar þess, þann 17. mars 2024, rituðu Landsbankinn og Kvika undir samning í tengslum við kaupin sem mælti meðal annars fyrir um hvaða ákvæði fyrirhugaður kaupsamningur skyldi innihalda og m.a. fjallað um hvaða breytingar þyrfti að gera á drögnum sem lögð voru fram samhliða tilboðinu, umfang áreiðanleikakannana og einkaviðræður í tiltekin tíma (**fylgiskjal 3**). Þann 29. apríl 2024 undirrituðu aðilar viðauka við þann samning sem framlengdi einkaviðræðutíma aðila og frest til þess að ljúka við áreiðanleikakönnun (**fylgiskjal 4**).
- (11) Aðilar gerðu með sér endanlegan kaupsamning hinn 30. maí 2024 („**kaupsamningurinn**“) (**fylgiskjal 5**). Samkvæmt kaupsamningnum kaupir Landsbankinn alla hluti Kviku í TM. Að því loknu mun Landsbankinn verða eigandi alls (100%) útgefins hlutfjár í TM (hér eftir ýmist „**viðskiptin**“ eða „**samruninn**“). Heildar kaupverð fyrir alla hluti í félaginu verður 28.600.000.000 krónur, auk kaupverðsaðlögunar, sem greitt verður með reiðufé.
- (12) Viðskiptin eru háð fyrirvörum um eftirfarandi atriði, sbr. nánari umfjöllun í 3. gr. kaupsamningsins:
- a) Tilkynningu til og samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („**FME**“) samkvæmt lögum nr. 100/2016;
  - b) tilkynningu til og samþykki SE;
  - c) [...]²
- (13) Staða á fyrirvörum samkvæmt framansögðu er eftirfarandi við móttöku SE á þessari samrunatilkynningu:
- [...]³

<sup>1</sup> Sjá <https://kvika.is/frettir/stefnt-ad-solu-eda-skraningu-tm-a-markad/> og <https://kvika.is/frettir/kvika-bankihf-hefur-soluferli-a-tm/>.

<sup>2</sup> Trúnaðarmál.

<sup>3</sup> Trúnaðarmál.

- [...]⁴
  - [...]⁵
  - [...]⁶
  - [...]⁷
- (14) [...]⁸
- (15) Það er mat Landsbankans að fyrirvarar þeir sem ekki hafa enn verið uppfylltir séu þess eðlis að viðskiptin muni að óbreyttu ganga í gegn að fengnu samþykki SE, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 1390/2020.
- (16) Viðskiptin fela í sér að Landsbankinn eignast allt hlutafé í TM, með þeim afleiðingum að breyting verður á yfirráðum til frambúðar yfir TM, sbr. b-liður 1. mgr. 17. gr. laga nr. skpl. Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. b. skpl. gengur Landsbankinn frá tilkynningu um samrunann.

## 1.2 Tilgangur og markmið samrunans

- (17) Í kjölfar uppgjors viðskiptanna verður TM starfrækt sem sérstakt dótturfélag Landsbankans.
- (18) Kaup Landsbankans á TM eru í samræmi við stefnu bankans um að fjölga tekjustoðum samstæðunnar og styðja við langtímaarðsemismarkmið bankans og arðgreiðslugetu, auk þess að stuðla að aukinni viðskiptatryggð og vera þannig betur í stakk búinn til að bregðast við og taka þátt í aukinni samkeppni á innlendum fjármálamarkaði. Í söluferli Kviku á TM framkvæmdi Landsbankinn greiningu á TM sem fjárfestingarkosti, meðal annars með tilliti til tækifæra er varða samþættingu við bankann. Í þeirri vinnu var meðal annars litið til þróunar á fjármálastarfsemi á Norðurlöndunum og öðrum Evrópuríkjum, þar sem algengt er að tryggingar séu hluti af þjónustu- og vöruframboði banka. Slík þróun hefur einnig verið að færast í aukana hér á landi, svo sem með kaupum Arion banka hf. á Verði tryggingum hf. árið 2017, samruna Vátryggingafélags Íslands hf. og Fossa fjárfestingabanka hf., auk þess sem bæði Landsbankinn og Íslandsbanki skiluðu tilboðum í TM.
- (19) Eins og að framan greinir eru kaup Landsbankans á TM gerð í því skyni að fjölga tekjustoðum bankans. Tækifærin sem viðskiptin hafa í för með sér til að ná því markmiði liggja fyrst og fremst í því að auka veltu og arðsemi TM með aukinni sölu trygginga, en Landsbankinn telur að með því að nýta sölu- og dreifinet bankans, þar með talið útibú, heimabanka og Landsbankaappið, þá verði mögulegt að auka sölu trygginga hjá TM. Nánar er fjallað um möguleika Landsbankans hvað varðar hlutverk við sölu trygginga frá TM í málsgrein (144) til (146) hér á eftir. Landsbankinn hefur auk þess litið til þess að með kaupunum skapist tækifæri til þess að auka þjónustu- og vöruframboð til

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál.

<sup>5</sup> Trúnaðarmál.

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.

<sup>7</sup> Trúnaðarmál.

<sup>8</sup> Trúnaðarmál.

viðskiptavina bankans. Það er mat Landsbankans að kaup á TM séu til þess fallin að auka verðmæti bankans fyrir hluthafa. Bæði sé TM álitlegur fjárfestingarkostur eitt og sér, en einnig felist tækifæri í tekju- og kostnaðarsamlegð í kjölfar viðskiptanna. Má þar nefna nýtingu sölu- og dreifileiða bankans, [...],<sup>9</sup> til að auka þjónustu- og vöruframboð til viðskiptavina og stuðla þar með að aukinni ánægju þeirra og viðskiptatryggð.

- (20) Þrátt fyrir að samlegðartækifærin sem Landsbankinn telur að samruninn geti haft í för með sér liggja fyrst og fremst í samnýtingu sölu- og dreifileiða bankans til að auka sölu trygginga hjá TM, þá hefur einnig verið litið til tækifæra í kostnaðarsamlegð. Greining bankans á rekstrarkostnaði og mögulegri kostnaðarsamlegð vegna samrunans hefur leitt í ljós metna kostnaðarsamlegð [...].<sup>10</sup> Það samsvarar [...]<sup>11</sup> af rekstrarkostnaði TM á árinu 2023 en heildar rekstrarkostnaður TM var samtals [...]<sup>12</sup> á árinu 2023. Þess má geta að slík vinna þarf að vera unnin í nánu samstarfi við TM og það mun taka nokkur ár að ná fram fullum áhrifum kostnaðarsamlegðar.
- (21) Tafla 1 sýnir sundurliðun á áætlaðri kostnaðarsamlegð sem Landsbankinn telur mögulega á ársgrundvelli en samlegðin skiptist í allt að [...]<sup>13</sup>
- (22) [...]<sup>14</sup>
- (23) [...]<sup>15</sup>
- (24) [...]<sup>16</sup>
- [...]<sup>17</sup>
- (25) [...]<sup>18</sup>
- [...]<sup>19</sup>
- (26) [...]<sup>20</sup>
- (27) [...]<sup>21</sup>
- (28) Heilt yfir er það sýn bankans að um sé að ræða viðskipti sem komi til með að hafa jákvæð áhrif á rekstur Landsbankans og TM, og hag hluthafa, samhliða því að bæta þjónustu og auka ánægju viðskiptavina bankans og TM sem og að auka almennt val neytenda um land allt þegar kemur að fjármála- og tryggingaþjónustu. [...]<sup>22</sup> Nánar er fjallað um áhrif samrunans á samkeppni í kafla 4 hér á eftir.

<sup>9</sup> Trúnaðarmál.

<sup>10</sup> Trúnaðarmál.

<sup>11</sup> Trúnaðarmál.

<sup>12</sup> Trúnaðarmál.

<sup>13</sup> Trúnaðarmál.

<sup>14</sup> Trúnaðarmál.

<sup>15</sup> Trúnaðarmál.

<sup>16</sup>, Trúnaðarmál.

<sup>17</sup> Trúnaðarmál.

<sup>18</sup> Trúnaðarmál.

<sup>19</sup> Trúnaðarmál.

<sup>20</sup> Trúnaðarmál.

<sup>21</sup> Trúnaðarmál.

<sup>22</sup> Trúnaðarmál.

- (29) Samruni þessi varðar að mati samrunaaðila annars vegar markaði sem snúa að váttryggingastarfsemi og hins vegar markaði sem snúa að annarri fjármálastarfsemi, þ.e. annarri fjármálastarfsemi en váttryggingastarfsemi. Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa í för með sér nein skaðleg áhrif á samkeppni, eins og fjallað er nánar um í þessari samrunaskrá.

## 2. kafli

### Aðilar að viðskiptunum

- (30) Aðilar að viðskiptunum eru:
- Kaupandi: Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Reykjastræti 6, 101 Reykjavík.
  - Seljandi: Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.
  - Hið selda félag: TM tryggingar hf., kt. 660269-3399, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

#### 2.1 Um TM

- (31) TM er váttryggingafélag, með starfsleyfi sem slíkt samkvæmt lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, og sætir eftirliti FME. Aðalstarfsemi TM felst í skaðatryggingarekstri og fjármálarekstri, svo og líftryggingarekstri í gegnum dótturfélag þess, TM líftryggingar hf. Tilgangur TM samkvæmt samþykktum þess er að annast hvers konar váttryggingastarfsemi innanlands sem utan, rekstur eigin fasteigna og lánastarfsemi.
- (32) Kvika fer með yferráð yfir TM. Stjórn TM er skipuð þeim Ingu Björgu Hjaltadóttur, stjórnarformanni, Þorvarði Sveinssyni, Einari Sigurðssyni, Helgu Kristínu Auðunsdóttur og Thomas Skov Jensen.
- (33) Eftirtalin félög eru undir yferráðum TM:
- TM líftryggingar hf., kt. 630902-3040
  - Íslensk endurtrygging hf., kt. 660169-0409
  - Rafklettur ehf., kt. 450917-2300
- (34) **TM líftryggingar hf.** er dótturfélag TM og annast líftryggingastarfsemi sem samkvæmt lögum þarf að vera í sérstöku félagi. Daglegur rekstur og starfsemi TM líftrygginga hf. er samkvæmt þjónustusamningi í höndum TM. TM líftryggingar hf. hét áður Líftryggingamiðstöðin hf. Heildarvelta TM líftrygginga hf. árið 2022 var alls 975.409.000 kr. Heildarvelta TM líftrygginga hf. árið 2023 var alls 1.131.944.000 kr.
- (35) Engin starfsemi er innan **Íslenskrar endurtryggingar hf.** nema uppgjör eldri skuldbindinga, sem TM vinnur samkvæmt þjónustusamningi.
- (36) Skráður tilgangur **Rafkletts ehf.** er eign, leiga, rekstur og þróun fasteignanna að Rafstöðvarvegi 7, fastanúmer 228-2521, og Rafstöðvarvegi 9, fastanúmer 204-4091. Fer þetta saman við heimild váttryggingafélaga til reksturs hliðarstarfsemi, sbr. 5. gr. laga nr. 100/2016. Daglegur rekstur félagsins hefur verið í höndum Kviku. Heildarvelta Rafkletts ehf. árið 2022 var alls 134.840.299 kr. Heildarvelta Rafkletts ehf. árið 2023 var alls 138.146.193 kr.

- (37) Heildarvelta TM árið 2022 var alls 16.577.354.000 kr. Heildarvelta TM árið 2023 var alls 18.456.527.000 kr. Þá var heildarvelta samstæðu TM árið 2022 alls 17.547.317.000 kr. og heildarvelta samstæðu TM árið 2023 var alls 19.582.351.000 kr.<sup>23</sup>

## 2.2 Um Landsbankann

- (38) Landsbankinn starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og FME hefur eftirlit með Landsbankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að starfrækja viðskiptabanka og er félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Þá er félaginu heimilt að taka þátt í starfsemi sem samrýmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni.
- (39) Landsbankinn starfrækir útibú eða bankaafgreiðslur víða um land og býður einstaklingum, fyrirtækjum og fjárfestum upp á alhliða fjármálaþjónustu. Meginstarfsemi bankans er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Bankinn er eingöngu með starfsemi á Íslandi. Starfsemi Landsbankans skiptist niður á sjö svið, en þau eru: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun (þ.m.t. dótturfyrirtækið Landsbréf hf.), Fjármál og rekstur, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning.
- (40) Landsbankinn er í meirihlutaeigu Ríkissjóðs Íslands, sem á 98,20% hlutafjár í Landsbankanum. Aðrir hluthafar Landsbankans eru Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabær, Vinnslustöðin hf. og aðrir hluthafar sem fara einungis með 0,2% hlutafjár í félaginu. Eigin hlutir Landsbankans nema um 1,6% af heildarhlutafé bankans.
- (41) Stjórn Landsbankans er skipuð þeim Jóni Þorvarði Sigurgeirssyni stjórnarformanni, Evu Halldórsdóttur, Kristjáni Þ. Davíðssyni, Rebekku Jóelsdóttur, Steinunni Þorsteinsdóttur, Þór Haukssyni og Erni Guðmundssyni.
- (42) Félög í fullri eða meirihlutaeigu Landsbankans, eða dótturfélaga Landsbankans, eru eftirtalin (**fylgiskjal 5**):
- Blámi-fjárfestingafélag ehf., kt. 470301-3920
  - Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790
  - Hömlur ehf., kt. 630109-0940
  - Landsbréf hf., kt. 691208-0520
  - Lindir Resources ehf., kt. 610108-0910
  - Drangar Funds hs., kt. 440612-9970

<sup>23</sup> Ársreikningur samstæðu TM 2023: [https://tmweb.cdn.prismic.io/tmweb/111fb4a6-b44a-43f6-b08b-ec005e47bcf5\\_TM+tryggingar+hf.+%C3%A6%3%B0u+2023.pdf](https://tmweb.cdn.prismic.io/tmweb/111fb4a6-b44a-43f6-b08b-ec005e47bcf5_TM+tryggingar+hf.+%C3%A6%3%B0u+2023.pdf).

- (43) **Blámi-fjárfestingafélag ehf.** er dótturfélag Landsbankans og er tilgangur félagsins eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi. Blámi-fjárfestingafélag ehf. heldur á 0,01% hlut í Landsbréfum hf.
- (44) **Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.** er dótturfélag Landsbankans. Tilgangur félagsins er kaup, sala, rekstur eignarhalds og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti; lánastarfsemi og skyldur rekstur. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. heldur á 99,99% hlut í Landsbréfum hf.
- (45) **Landsbréf hf.** er sjóðastýringarfyritæki sem er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Landsbréf stýra fjölbreyttu úrvali sjóða og félaga sem fjárfesta víða í íslensku samfélagi og á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Landsbréf þjóna jafnt almennum fjárfestum sem fagfjárfestum. Sjóðir í fullri eigu eða meirihlutaeigu samstæðu bankans eru eftirfarandi:
- Drangar Funds hs., kt. 440612-9970
  - Landsbréf – Askja hs., kt. 441115-9970
  - Landsbréf – Eignadreifing sjálfbær hs., kt. 490421-9980
  - Landsbréf – Global Multi Asset Fund hs., kt. 421018-9600
  - Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð hs., kt. 610110-9910
- (46) **Hömlur ehf.** er dótturfélag Landsbankans og annast aðallega umsýslu með eignum sem bankinn hefur þurft að leysa til sín. Landsbankinn á 100% hlut í Hömlum ehf. Hömlur ehf. er 100% eigandi í **Hömlur fyrirtæki ehf.**, kt. 630207-0610, en tilgangur þess er að annast umsýslu, rekstur og sölu eigna sem félagið eða bankinn leysa til sín vegna fullnustu krafna. Hömlur fyrirtæki ehf. er eigandi að eftirfarandi hlutdeildarfélögum:
- **Fasteignafélagið Sunnubraut 4 ehf.**, kt. 601107-2280 (33%). Um er að ræða fullnustueign, en félagið heldur utan um fasteignina Sunnubraut 4, Suðurnesjabæ.
  - **Grundarstræti ehf.**, kt. 550502-4870 (21,28%). Um er að ræða fullnustueign, en félagið heldur utan um fasteign að Grundarstræti, Súðavík.
  - **KEA hótél ehf.**, kt. 601299-7049 (35%). Um er að ræða fullnustueign. Félagið starfar á sviði ferðaþjónustu. Söluferli á eignarhlut Hamla fyrirtækja ehf. í félaginu stendur nú yfir.
  - Hömlur fyrirtæki ehf. er einnig 100% eigandi í **Flóa ehf.**, kt. 570108-1660. Flói ehf. var úrskurðað gjaldþrota þann 20. febrúar 2024 og lauk skiptum 22. ágúst 2024.<sup>24</sup>
- (47) Landsbankinn fer ekki með yfirráð yfir þeim virku félögum sem Hömlur fyrirtæki ehf. eiga eignarhluti í.

---

<sup>24</sup> [Flói ehf. \(5701081660\) | Leit | Skatturinn - skattar og gjöld.](#)



- (48) Þá fer Landsbankinn með 78% eignarhlut í **Lindir Resources ehf.**, en tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og annar skyldur rekstur. Lindir Resources ehf. var úrskurðað gjaldþrota þann 20. febrúar 2024 og lauk skiptum 22. ágúst 2024.<sup>25</sup>
- (49) Loks á Landsbankinn 79,03% hlut í **Drangar Funds hs.**, sem er hlutdeildarsjóður í rekstri Landsbréfa hf. og á eignarhluti í félögum sem gegna hlutverki ábyrgðaraðila samlagshlutafélaga sem rekin eru sem sérhæfðir sjóðir hjá Landsbréfum hf. Drangar Funds hs. er fært sem dótturfélag Landsbankans í samstæðureikningi bankans. Hlutdeildarskírteinishafar í Drangar Funds hs. eru tveir, Landsbankinn og Landsbréf hf. Tilgangur Dranga Funds hs. er rekstrarlegur fyrir starfsemi Landsbréfa hf. sem rekstrarfélags sjóða. Þar sem eignarhald Dranga Fund hs. er 100% á hendi samstæðu bankans og tilgangur sjóðsins er rekstrarlegur fyrir samstæðuna, hefur bankinn tilkynnt eignarhaldið sem hliðarstarfsemi sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki gagnvart FME.
- (50) **Reiknistofa bankanna hf.** kt. 470111-0540, er hlutdeildarfélag Landsbankans. Landsbankinn á 37,15% hlut í Reiknistofu bankanna hf. Um er að ræða sameinað innviðafélag fyrir greiðslumiðlun á Íslandi. Tilgangur félagsins er að efla öryggi og tryggja skilvirkni í rekstri fjármálainnviða á Íslandi.
- (51) **Greiðslumiðlun Íslands ehf.**, kt. 570714-1550, er hlutdeildarfélag Landsbankans. Landsbankinn á 47,92% hlut í félaginu. Um er að ræða eignarhaldsfélag sem m.a. á 100% eignarhlut í innheimtufyrirtækinu Motus ehf.
- (52) Heildarvelta samstæðu Landsbankans árið 2022 var alls 121.481.000.000 kr. Heildarvelta samstæðu Landsbankans árið 2023 var alls 175.081.000.000 kr.<sup>26</sup>

---

<sup>25</sup> [Lindir Resources ehf. \(6101080910\) | Leit | Skatturinn - skattar og gjöld.](#)

<sup>26</sup> Ársreikningur samstæðu Landsbankans 2023:

<https://www.landsbankinn.is/uploads/documents/arsskyrsluroguppjor/Consolidated-Financial-Report-2023-IS.pdf>.

### 3. kafli

#### Markaðir málsins og markaðshlutdeild aðila

##### 3.1 Markaðir sem aðilar starfa á

###### 3.1.1 TM

- (53) Líkt og að framan greinir er TM váttryggingafélag. Samkeppnisyfirvöld hafa fjallað um váttryggingamarkaðinn, bæði í ákvörðunum sínum og í skýrslum og birtum ritum.<sup>27</sup> Í ákvörðun nr. 27/2016, (*Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.*) var fjallað um markaðsskilgreiningar á váttryggingamarkaði. Þar kom fram sú afstaða SE að markaður fyrir váttryggingastarfsemi skiptist í aðalatriðum í þrjá aðgreinda váttryggingamarkaði, þ.e. markað fyrir skaðatryggingar, markað fyrir líf- og persónutryggingar og markað fyrir endurtryggingar. Þá kom jafnframt fram að unnt væri að skilgreina tiltekna undirmarkaði, t.d. í einstökum tegundum skaðatrygginga. Að mati samrunaaðila hefur frekari aðgreining váttryggingamarkaðarins, eða skilgreining á tilteknum undirmörkuðum, ekki þýðingu fyrir úrlausn þessa máls, enda mun samruninn sem slíkur ekki sjálfkrafa leiða til neinna breytinga á hlutdeild TM á váttryggingamörkuðum.
- (54) Starfsemi TM og dótturfélagsins, TM líftrygginga hf., er á váttryggingamarkaði. Áhersla er á eignatryggingar, sjó- og farmtryggingar, lögboðnar ökutækjatryggingar, frjálssar ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar og slysatryggingar. TM býður ekki upp á endurtryggingavernd en kaupir slíka vernd erlendis vegna sinnar frumtryggingastarfsemi.
- (55) Að mati samrunaaðila starfar samstæða TM því samkvæmt framansögðu á markaði fyrir skaðatryggingar og markaði fyrir líf- og persónutryggingar. TM stundar ekki starfsemi á markaði fyrir endurtryggingar.
- (56) Í samræmi við fyrri ákvarðanir SE telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður skaðatrygginga sé landið allt. Umsvif erlendra skaðatryggingafélaga hafa þó aukist á Íslandi, einkum og sér í lagi gagnvart fyrirtækjum í sjávarútvegi, fiskeldi, flutningastarfsemi, flugi og orku. Þar að auki eru stjórnendaábyrgðartryggingar íslenskra fjármálastofnanna gjarnan hjá erlendum félögum, en slík viðskipti fara jafnan í gegnum erlenda váttryggingamiðlara. Minna er um umsvif erlendra félaga gagnvart einstaklingum en það er þó tiltölulega einfalt fyrir erlend váttryggingafélög með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins að hefja starfsemi hér á landi vegna gagnkvæmrar viðurkenningar á starfsleyfum innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- (57) Hvað varðar starfsemi á markaði líftrygginga telja samrunaaðilar að önnur sjónarmið geti átt við. Í gegnum tíðina hafa erlendir aðilar selt afurðir sínar hér á landi, ýmist í gegnum váttryggingamiðlanir eða með því að setja á fót útibú hér, á grundvelli gagnkvæmrar viðurkenningar starfsleyfa. Umsvif söluumboðsins Allianz á Íslandi hf. voru töluverð á rekstrarárinu 2023 og námu rekstrartekjur félagsins ríflega 1,7 ma. kr.

<sup>27</sup> Sjá t.d. ákvörðun nr. 5/2021, (*Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*), ákvörðun nr. 27/2023, (*Kaup Váttryggingafélags Íslands hf. á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf.*), og skýrslu nr. 2/2011 (*Samkeppnin eftir hrun*).

Til samanburðar má nefna að heildartekjur TM líftrygginga hf. af líftryggingasamningum árið 2023 námu 1,1 milljarði. Þrátt fyrir framangreint, og að rök standi til þess að markaðurinn fyrir líftryggingar kunni að vera stærri en Ísland, telja aðilar að eins og málum er háttað sé ekki þörf á því að leggja aðra skilgreiningu landfræðilegs markaðar til grundvallar en Ísland.

- (58) Afmörkun landfræðilegs markaðar við Ísland er í samræmi við fyrri ákvarðanir SE sem varðað hafa váttryggingamarkað, sbr. t.d. ákvarðanir nr. 27/2016 (*Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.*) og ákvörðun nr. 38/2019 (*Kaup Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Lykli fjármögnun hf.*). Sú nálgun er í samræmi við skilgreiningar á mörkuðum fyrir smásölu á tryggingum í EES/ESB-samkeppnisrétti, sem jafnan eru skilgreindir sem landsmarkaðir.<sup>28</sup>
- (59) Þeir aðilar sem starfa á markaði fyrir skaðatryggingar hér á landi eru Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS), Sjóvá-Almennar Tryggingar hf., Vörður tryggingar hf. og TM.
- (60) Helstu aðilar á markaði fyrir líftryggingar eru í eigu framangreindra tryggingafélaga, en eins og áður segir heimila lög ekki að líftryggingastarfsemi sé rekin í sama félagi og rekur skaðatryggingastarfsemi. Helstu aðilar sem starfa á líftryggingamarkaði eru, Líftryggingar Íslands hf. (í eigu VÍS), Sjóvá-Almennar líftryggingar hf., Vörður líftryggingar hf. og TM líftryggingar hf.
- (61) Til viðbótar við ofangreinda aðila hafa erlendir aðilar skapað sér fótfestu hér á landi við sölu líftrygginga, auk þess sem váttryggingamiðlarar selja afurðir erlendra líftryggingarfélaga hérlendis. Má í þessu samhengi nefna söluumboð Allianz á Íslandi og Sparnað ehf. sem hafa gert umboðssamninga við erlend fyrirtæki. Framangreindu til viðbótar hafa fjölmörg váttryggingafélög, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, heimild til að veita þjónustu hér á landi með eða án stofnunar útibús. Til viðbótar við þessa aðila starfa hér á landi váttryggingamiðlanir sem miðla tryggingum frá ýmsum erlendum aðilum. Umsvif þessara aðila hafa verið umtalsverð. Samrunaaðilar hafa ekki forsendur til þess að áætla markaðshlutdeild þeirra, en telja jafnframt að það hafi ekki þýðingu fyrir úrlausn þessa máls. Til viðbótar við þessi fyrirtæki starfar fjártækni félagið Verna hf. hérlendis, m.a. við ökutækjatrýggingar í gegnum dótturfélagið Verna MGA ehf., sem er jafnframt umboðsaðili TM trygginga hf.
- (62) Söluleiðir TM til einstaklinga eru eftirfarandi og í öllum tilvikum er um heildar vöruframboð TM að ræða, þ.e. þessir aðilar selja skaða- og persónutryggingar:
- Aðalskrifstofa TM.
  - Útibú í Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ og Akureyri.
  - Umboðsskrifstofur á Hvolsvelli, Ísafirði, Neskaupsstað og Selfossi.

<sup>28</sup> Sjá t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. M.5075, Vienna Insurance Group/EBV, máli nr. M.6217 Baloise Holding/Nateus/Nateus Life og í máli nr. M.6521, Talanx International/Meiji Life Insurance/Warta.

- Umboðsaðilarnir Lífstíð ehf. og HL ráðgjöf slf. annast frumkvæðissölu til einstaklingsviðskiptavina.
  - Vefsala TM.
- (63) Söluleiðir TM til fyrirtækja eru einkum eftirfarandi og í öllum tilvikum er um að ræða heildar vöruframboð TM, skaða- og persónutryggingar, í samræmi við þarfir viðskiptavinarins:
- Aðalskrifstofa TM.
  - Vátryggingamiðlunin Tryggja ehf.
- (64) Þá má einnig nefna eftirfarandi dreifileiðir:
- Verna MGA er umboðsaðili TM og dreifir ökutækjetryggingum til einstaklinga í gegnum tæknilausn sem fyrirtækið hefur þróað.<sup>29</sup>
  - Kvika banki hf. er umboðsaðili TM og dreifir ferðatryggingu, vöruþryggingu og áfallatryggingu í gegnum Aur kort.
  - Toyota dreifir ökutækjetryggingum undir merkjum Toyota trygginga.
  - Icetrasport ehf. og Thor Shipping ehf. dreifa farmtryggingum til viðskiptavina sinna.
- (65) [...] <sup>30</sup>
- (66) Í fyrirtækjaviðskiptum eru sjálfstætt starfandi miðlanir, einkum Consello og Áhættulausnir, sem miðla til TM viðskiptum að undangengnum verðkönnunum og útboðum. Þær eru þó ekki eiginlegar söluleiðir TM þar sem TM greiðir þeim ekki þóknun heldur vátryggingartakinn.
- (67) Varðandi markaðinn í heild þá eru dreifingaraðilar vátrygginga fjölmargir á Íslandi, sbr. skrá yfir vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmenn og aðila sem dreifa vátryggingum sem aukaafurð.<sup>31</sup>
- (68) Í ákvarðanafrankvæmd SE hefur markaðshlutdeild verið reiknuð á grundvelli iðgjalda.<sup>32</sup> Heildarvelta tryggingamarkaðarins hjá íslensku félögunum fyrir árið 2022 nam um 83,1 ma. kr. og þar af mátti rekja um 9%, eða um 7,5 ma. kr. til líftrygginga. Að teknu tilliti til upplýsinga um iðgjöld í ársreikningum íslensku tryggingafélaganna fyrir árið 2022 þá ætla samrunaaðilar að hlutdeild TM á skaðatryggingamarkaði sé um 21,3%, en hlutdeild TM er áætluð 13,1% á líftryggingamarkaði. Á þeim markaði er hlutdeildin þó í reynd lægri, enda veita erlend fyrirtæki viðskiptavinum héraðs einnig líftryggingavernd. Sé tekið mið af veltutölum tryggingafélaganna, á grundvelli tekna af vátrygginga-

<sup>29</sup> [Trúnaðarmál]

<sup>30</sup> Trúnaðarmál.

<sup>31</sup> Sjá lista hér: <https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Skra-yfir-vatryggingamidlara-vatryggingaumbodsmenn-og-adila-sem-dreifa-vatryggingum-sem-aukaafurd-upd-24.-mai-2024.pdf>


<sup>32</sup> Sjá t.d. ákvörðun SE nr. 27/2016 (*Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.*)

samningum<sup>33</sup> fyrir árið 2023, nemur velta aðila á markaði alls um 86,51 ma. kr. samkvæmt tekjum úr ársreikningum félaganna fyrir árið 2023. Markaður fyrir líftryggingar er talsvert minni. Hér á eftir koma fram upplýsingar um áætlaða markaðshlutdeild fyrir skaðatryggingar og líftryggingar árin 2022 og 2023. Samrunaaðilar áætla að hlutdeild hafi skipst með eftirfarandi hætti:

Samstæða	Markaðshlutdeild Skaðatryggingar 2022	Markaðshlutdeild Skaðatryggingar 2023	Markaðshlutdeild Líftryggingar 2022	Markaðshlutdeild Líftryggingar 2023
Vörður	16,9%	17,7%	30,6%	29,0%
VÍS	29,3%	28,4%	21,7%	22,0%
Sjóvá	32,5%	32,6%	35,1%	35,9%
TM	21,3%	21,3%	12,6%	13,1%

Tafla 3: yfirlit yfir markaðshlutdeildir á mörkuðum fyrir skaða- og líftryggingar

- (69) Þá eru áætlanir TM á markaðshlutdeild eftir tegundum skaðatrygginga á árinu 2023 með eftirfarandi hætti, eins og fram kemur á mynd 1:



Mynd 1: Áætluð markaðshlutdeild eftir tegundum skaðatrygginga á árinu 2023

- (70) Þá eru tekjur TM sundurliðaðar með eftirfarandi hætti niður á annars vegar einstaklinga og hins vegar fyrirtæki, sbr. tafla 4.<sup>34</sup>
- (71) Að mati samrunaaðila er samkeppni á váttryggingarmarkaði mikil, og er keppt í þjónustu, verðum og tryggingavernd. Sést það t.a.m. á því að tryggingarekstur hér á landi er ekki eins arðsamur og á Norðurlöndunum, og að tjónahlutfall tryggingafélaganna hérlandis

<sup>33</sup> Nýr reikningsskilastaðall IFRS 17 hefur verið innleiddur og er nú notaður af váttryggingafélögunum fjórum. Með staðlinum voru settar fram nýjar reglur um færslu, mat, framsetningu og upplýsingagjöf vegna váttryggingasamninga.

<sup>34</sup> Mynd trúnaðarmál.

er hærra.<sup>35</sup> Tryggingafélög á Íslandi eru með hæsta samsetta hlutfall váttrygginga í Evrópu, en hlutfall yfir 100% þýðir að iðgjöld séu lægri en samtala tjónagreiðslna og rekstrarkostnaðar. Meðaltalið á árunum 2017-2022 fyrir samsett hlutfall váttrygginga án líftrygginga var 91,6% í Evrópu og á bilinu 85-96% á öðrum Norðurlöndum.<sup>36</sup> Hérlandis var það 100,7%. Hátt hlutfall hérlandis skýrist einkum af mjög háu tjónahlutfalli. Hérlandis var tjónahlutfallið 80% á tímabilinu frá 2017-2022 en meðaltalið í Evrópu var 59%.<sup>37</sup> Það þýðir að 80% af greiddum iðgjöldum hérlandis eru nýtt til þess að greiða út bætur.

- (72) Viðskiptavinir váttryggingafélaga eru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki. Hvað varðar einstaklinga þá er það almennt svo að viðskiptavinur hefur frumkvæði að því að afla tilboða sjálfur með því að óska eftir tilboði frá tryggingafélagi. Aðrir kjósa að notast við þjónustu váttryggingamiðlara, sem sér um að afla tilboða frá tryggingafélögum fyrir einstaklinga. Svipað fyrirkomulag er varðandi kaup fyrirtækja á tryggingum, en fyrirtæki gera þó í einhverjum tilfellum samninga til lengri tíma en eins árs og afla tilboða í tryggingar með útboðum.
- (73) Aðgangshindranir inn á váttryggingamarkað lúta helst að nauðsynlegu fjármagni og tiltölulega þungu regluverki og eftirliti. Sækja þarf um viðeigandi leyfi en að öðru leyti er ekki um sérstakar aðgangshindranir að ræða á váttryggingamarkaði. Helsta ástæða þess að tryggingafélög í Skandinavíu bjóða ekki skaðatryggingar á Íslandi er líklega sú að afkoma af þeim er slök hérlandis og umtalsvert verri en í Skandinavíu. Það er því ekki heillandi fyrir skandinavísk tryggingafélög að stíga inn á íslenskan skaðatryggingamarkað, þar sem svo mikil samkeppni ríkir. Þá er það mat samrunaaðila að þeir njóti samkeppnislegs aðhalds hugsanlegra keppinauta, og má í því tilliti nefna að nýtt líftryggingafélag, Ösp, sem bíður nú eftir starfsleyfi frá FME.<sup>38</sup> Hvað varðar möguleika nýrra aðila til innkomu á váttryggingamarkað og þátttöku í samkeppni er það mat samrunaaðila að samkeppnisaðstæður bjóði upp á slíkt. Í sögulegu samhengi má benda á öran vöxt Varðar trygginga hf. á fyrstu tíu árum starfsemi þess félags, þar sem markaðshlutdeild óx úr 6% í 16% og viðskiptavinum fjölgaði úr 18.000 í 70.000.<sup>39</sup> Í einstaka tryggingaflokkum eru þó aðilar sem veita öfluga samkeppni, t.d. í fiskeldistryggingum frá evrópskum tryggingafélögum og skipatryggingum. Þá má nefna innkomu Ösp líftryggingafélag, sem fyrri segir.
- (74) Hvað varðar möguleika tryggingafélaga á váttryggingamarkaði til samhæfingar, skal nefnt að við tilboðsgerð fá tryggingafélög almennt tryggingayfirlit mögulegs viðskiptavinar hjá því tryggingafélagi sem viðkomandi kaupir tryggingar af án iðgjalda, og þau framkvæma áhættumat og -verðlagningu án tillits til þeirra iðgjalda sem sá sem óskar tilboðs greiðir.
- (75) Markaðurinn er ekki sérstaklega gagnsær og ekkert tól á markaði sem ber saman verðlagningu aðila. TM sker sig þó úr hvað þetta varðar, en með því að skrá sig inn í

<sup>35</sup> Sjá t.d. nýja meistararitgerð í fjármálahagfræði eftir Hörpu Hjartardóttur: *Er dýrt að tryggja á Íslandi? Tryggingar á Íslandi í norrænu samhengi*.

<sup>36</sup> Heimild: Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA).

<sup>37</sup> Tjónahlutfall váttrygginga án líftrygginga. Heimild: Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA).

<sup>38</sup> <https://www.osp.is/um-%C3%B6sp>

<sup>39</sup> <https://www.mbl.is/vidskipti/ff2018/fyrirtaeki/1722/>

vefsölu TM geta einstaklingar fengið tilboð hratt og örugglega. Hafa ber í huga að verðlagning til einstaklinga tekur mið af einstaklingsbundnum þáttum og sömuleiðis eru fyrirtækjatrýggingar verðlagðar m.v. áhættu í rekstri hvers og eins tryggingataka.

- (76) Tryggingafélögin eru aðilar að Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu („SFF“). Þess má geta að SFF vinna eftir samkeppnisstefnu sem hefur verið í gildi frá árinu 2016, sem og innri leiðbeiningar samtakanna um fylgni við samkeppnislög.<sup>40</sup> Að auki er í samvinnu við Háskólann í Reykjavík starfræktur Tryggingaskólinn sem er vettvangur til menntunar og endurmenntunar starfsmanna. Þá koma fulltrúar félaganna saman, án þess að um samstarf sé að ræða, á vettvangi tjónanefndar váttryggingafélaganna þar sem skorið er úr sök og sakarskiptingu í árekstrum og í stjórn Alþjóðlegra bifreiðatrýgginga á Íslandi, sem hefur lögbundið hlutverk.
- (77) Hvað varðar framboðsstaðgöngu milli ólíkra tegunda trygginga er það mat samrunaaðila að auðvelt sé fyrir tryggingarfélag að auka vöruframboð sitt. Hvað nýjar vörur á markaði varðar má nefna snjalltryggingu Sjóvá, golftryggingu Varðar, rafhjóltryggingu, fiskeldistryggingu og netöryggistryggingu TM.
- (78) Af framangreindu er ljóst að hvorki TM né dótturfélag þess, TM líftryggingar hf., eru í markaðsráðandi stöðu á mörkuðum fyrir skaðatrýggingar eða líftryggingar. Komi samruni TM og Landsbankans til framkvæmda breytist hvorki markaðsgerð né samsetning þessara markaða, og fjöldi aðila á markaði verður sá sami og fyrir samrunann.
- (79) Að lokum er rétt að nefna að fjárfestingastarfsemi er mikilvægur hluti af váttryggingastarfsemi þar sem ávaxta þarf iðgjöld og váttryggingaskuld til að geta staðið við fjárhagslega skuldbindingu gagnvart váttryggingartökum. Þar að auki fjárfestir TM í hlutabréfum og öðrum fjárfestingaeignum í þeim tilgangi að ávaxta eigin fé félagsins. Öll fjárfestingastarfsemi TM fer fram innan félagsins. Félagið veitir enga þjónustu á sviði fjárfestingastarfsemi til þriðju aðila. Heildareignir TM námu 44,9 milljörðum kr. í lok árs 2023 og þar af var virði fjárfestingareigna 37,8 milljarðar kr.

(80) [...] <sup>41</sup>

(81) [...] <sup>42</sup>

### 3.1.2 Landsbankinn

- (82) Landsbankinn er sem áður greinir fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Landsbankinn er lánastofnun með starfsleyfi sem viðskiptabanki og er sem slíkum heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem slíku fjármálafyrirtæki er heimilt að stunda skv. lögum á hverjum tíma. Starfsheimildir viðskiptabanka eru tilgreindar í 20. gr. laga nr. 161/2002. Landsbankinn er alhliða viðskiptabanki, þ.e. hann veitir alhliða fjármálaþjónustu, þ.m.t. móttöku innlána, veitingu

<sup>40</sup> Sjá hér: <https://www.sff.is/stefnur-og-samthykkir-sff>

<sup>41</sup> Trúnaðarmál.

<sup>42</sup> Trúnaðarmál.



ýmiss konar útlána til einstaklinga, heimila og fyrirtækja, greiðsluþjónustu, fjárfestingarþjónustu o.fl.

- (83) Við afmörkun þeirra markaða sem Landsbankinn starfar á er gagnlegt að hafa til hliðsjónar umfjöllun um markaði í fjármálaþjónustu í ákvörðunum SE. Má í því sambandi m.a. líta til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 22/2000 (*Samruni Íslandsbanka hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.*), ákvörðunar nr. 50/2008 (*Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*), ákvörðunar nr. 27/2016 (*Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.*), ákvörðunar nr. 5/2019 (*Samruni Kviku banka hf. og Gamma Capital Management hf.*) og ákvörðunar nr. 5/2021 (*Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*). Einnig er gagnlegt að líta til ýmissa ákvarðana framkvæmdastjórnar ESB í samrunamálum þar sem fjármálaþjónustufyrirtæki hafa átt í hlut. Í því sambandi má nefna samruna Unicredito og HVB (COMP/M.3894), samruna Axa og Gre. (COMP/M.1453), samruna Fortis og ABN Amro (COMP/M.4844) samruna BNP Paribas og Fortis (COMP/M.5384) og sameiginlegt verkefni ABN Amro, Rabobank, Landsbankans og Heiploeg (COMP/M.6638).
- (84) Í samkeppnisrétti hefur í framkvæmd verið talið að greina megi starfsemi alhliða banka niður í þrjá meginþjónustumarkaði: **viðskiptabankþjónustu við einstaklinga** (e. *retail banking*), **bankþjónustu við fyrirtæki** (e. *corporate banking*) og **markaðsviðskipti** (e. *financial market services*).<sup>43</sup> Þannig má segja að skiptingin taki að miklu leyti mið af eðli viðskiptavina þjónustunnar.<sup>44</sup> Landsbankinn starfar á öllum framangreindum meginmörkuðum. Þá hefur komið fram í ákvörðunum SE að þessa meginmarkaði sé unnt að skilgreina í tiltekna undirmarkaði, sem sé enn frekar hægt að skilgreina í enn nánari undirmarkaði eftir tegundum þeirrar þjónustu sem þarna á undir, t.d. eftir einstökum tegundum lána (sjá t.d. ákvörðun SE nr. 50/2008). Dæmi um slíkt getur verið íbúðalán, þ.e. lán til fasteignakaupa til einstaklinga.<sup>45</sup> Þá hefur SE að auki einnig skipt mörkuðum eftir tegundum viðskiptavina, m.a. þannig að viðskipti við miðlungsstór fyrirtæki, stórfyrirtæki, fagfjárfesta og opinbera aðila mynda sérstakan markað, sbr. ákvörðun SE nr. 22/2000.
- (85) Sá samruni sem hér er til umfjöllunar leiðir ekki til neinna breytinga á starfsemi eða hlutdeild Landsbankans á bankamörkuðum.
- (86) Landsbankinn starfar ekki á váttryggingamarkaði. Hins vegar er rétt að taka fram að Landsbankinn, líkt og aðrir bankar sem veita greiðslukortþjónustu, kaupir tryggingar vegna ferða- og bílaleigutrygginga kreditkorta bankans. Í dag er í gildi samningur um slíkar tryggingar við Vörð hf. (**fylgiskjal 7**). Váttryggðir samkvæmt ferða- og bílaleigutryggingunum eru handhafar kreditkorta Landsbankans og eftir atvikum einnig

<sup>43</sup> Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.4844 - FORTIS / ABN AMRO ASSETS kemur fram: „The Commission has in previous decisions held that banking services can be divided into three main segments, (i) retail banking (products supplied to private individuals), (ii) corporate banking (with separate markets for small and medium-sized customers and large corporate customers) and (iii) financial market services. Retail banking generally comprises all banking services to private individuals and very small enterprises. Corporate banking generally comprises banking services to large corporate customers (hereinafter referred to as "LCC's") and smaller commercial clients such as small and medium-sized enterprises (hereinafter referred to as "SME's").“

<sup>44</sup> Sbr. einnig áherslur SE í ákvörðunum nr. 33/2011 og 27/2016.

<sup>45</sup> Ákvörðun SE nr. 25/2017.



samferðamenn og fjölskyldur þeirra. [...] <sup>46</sup> Samruninn hefur því í för með sér lóðrétt áhrif hvað þetta varðar, enda er Landsbankinn kaupandi þjónustu af tryggingafélagi. Þess má geta að Landsbankinn áætlað markaðshlutdeild sína á innlendum kreditkortamarkaði vera um [...] <sup>47</sup> miðað við innlenda veltu og [...] <sup>48</sup> í erlendri veltu. Markaðshlutdeildin er áætluð með því að bera upplýsingar um veltu kreditkorta sem gefin eru út af Landsbankanum saman við tölur Seðlabanka Íslands um heildarveltu á kreditkortamarkaði. <sup>49</sup> TM veitir einungis Kvikú kreditkortatryggingar og er áætluð markaðshlutdeild Kvikú á kreditkortamarkaði [...]. <sup>50</sup> Samkvæmt athugun á heimasíðum annarra viðskiptabanka sem eru útgefendur kreditkorta kaupir Arion banki hf. kreditkortatryggingar einnig hjá Verði <sup>51</sup> en Íslandsbanki kaupir kreditkortatryggingar hjá Vátryggingafélagi Íslands. <sup>52</sup>

(87) [...] <sup>53</sup>

(88) [...] <sup>54</sup>

### 3.1.2.1 Viðskiptabankþjónusta við einstaklinga

- (89) Viðskiptabankþjónusta felur í sér bankþjónustu við heimili og einstaklinga, t.d. óbundin og bundin innlán, íbúðalán, skammtímalán og önnur lán til langs tíma, kreditkortþjónustu, útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, eignastýringu og einkabankþjónustu og þjónustu tengda verðbréfasjóðum, s.s. í tengslum við hlutdeildarskírteini og annan langtímasparnað, sbr. ákvarðanir SE nr. 25/2017 og 22/2000.
- (90) Einstaklingsvið Landsbankans býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum (í samstarfi við Fyrirtækjasvið) upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Áhersla er í auknum mæli lögð á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, bæði í gegnum netbanka og snjallforrit bankans (Landsbankaappið), ásamt hefðbundinni þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- (91) SE hefur í fjölda mála vísað til sterkrar stöðu „viðskiptabankanna þriggja“ – Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans – og jafnvel talið líkur til að þeir séu í sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir viðskiptabankþjónustu, sbr. ákvörðun SE nr. 50/2008 (*Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*), ákvörðun nr. 33/2011 (*Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf.*), skýrsla SE nr. 1/2011, (*Samkeppnishömlur á bankamarkaði*), skýrsla nr. 1/2013 (*Fjármálaþjónusta á krossgötum*), ákvörðun nr. 17/2015 (*Samruni MP banka hf. og Straums fjárfestingarbanka hf.*), ákvörðun nr. 9/2016 (*Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*) og ákvörðun nr. 27/2016 (*Samruni Arion banka*

<sup>46</sup> Trúnaðarmál.

<sup>47</sup> Trúnaðarmál.

<sup>48</sup> Trúnaðarmál.

<sup>49</sup> Sjá hér: <https://www.sedlabanki.is/hagtolor/nanar/2024/06/14/Greidslumidlun/?stdID=21>

<sup>50</sup> Trúnaðarmál.

<sup>51</sup> Sjá hér: <https://www.arionbanki.is/einstaklingar/kort/kreditkort/>

<sup>52</sup> Sjá hér: <https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/kort/tryggingar>

<sup>53</sup> Trúnaðarmál.

<sup>54</sup> Trúnaðarmál.

hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.). Í ákvörðun sinni nr. 22/2017 (*Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankapjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki – Á grundvelli sáttar við Landsbankann*) vísaði SE aftur á móti til tiltekinnar breytinga sem hefðu orðið á viðskiptabankamarkaði sem kunni að benda til þess að dregið hafi úr líkum á því að bankinn reynist í framtíðinni vera í sameiginlega markaðsráðandi stöðu með hinum stóru viðskiptabönkunum á markaði fyrir almenna viðskiptabankapjónustu.<sup>55</sup> Eftirlitið benti á að sameiginlegt eignarhald bankanna á Valitor og Borgun hefði tekið enda og að samkeppnisumhverfið í viðskiptabankapjónustu hefði tekið breytingum fyrir tilstilli gildistöku nýrra laga um fasteignalán til neytenda og laga um neytendalán. Eins og fjallað er um í undirkafla 3.1.2.5 hér á eftir þá hefur samkeppni á fjármálamarkaði almennt aukist á undanförunum árum og ekki eru vísbendingar um annað en að hún muni aukast. Þrátt fyrir nokkuð sterka stöðu áður nefndra viðskiptabanka er staðan því breytt frá því hún var nær aldamótum, og telur Landsbankinn engan veginn hægt að draga þá ályktun að til staðar sé einhverskonar sameiginleg markaðsráðandi staða á markaði fyrir viðskiptabankapjónustu. Í þessu samhengi bendir Landsbankinn t.d. á að breytt aðild bankans að Visa skemanu, sem Principal member, hefur, að mati bankans, eftir samkeppni á greiðslukortamarkaði og muni halda áfram að gera það. Landsbankinn semur t.d. beint við Visa um útgáfu greiðslukorta og annast uppgjör við skemað sjálfur, í stað þess sem áður var en þá annaðist Valitor (nú Rapyd) öll samskipti við greiðslukortafyrirtæki fyrir hönd allra þeirra sem voru í útgáfupjónustu hjá Valitor.

### **Innlán**

- (92) Markaðshlutdeild Landsbankans í innlánum innlánastofnana var [...] <sup>56</sup> þann 30.6.2024. Við greiningu á markaðshlutdeild bankans eru gögn sótt í hagtolur sem Seðlabanki Íslands birtir á heimasíðu sinni. Meðfylgjandi mynd er unnin úr efnahagsyfirliti Seðlabanka Íslands:<sup>57</sup>
- (93) Helstu keppinautar bankans á þessu sviði eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki. Um umsvif Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. vísast til **mynda nr. 3 og 4** hér að neðan, sem unnar er úr upplýsingum úr samstæðureikningum viðkomandi aðila:<sup>58</sup>



<sup>55</sup> Sjá einnig samhljóða umfjöllun í ákvörðunum SE 24/2017 (*Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankapjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki – á grundvelli sáttar við Arion banka*). og nr. 25/2017 (*Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankapjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki – á grundvelli sáttar við Íslandsbanka*).

<sup>56</sup> Trúnaðarmál.

<sup>57</sup> Mynd trúnaðarmál.


<sup>58</sup> Allar tölur sem myndin sýnir og útreikningar byggja á eru sóttar í árs- og árshlutareikningum Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka. Þess skal getið að frá árinu 2023 breytti Íslandsbanki innlánaskýringunni í uppgjöri sínu þannig að aðeins voru sýnd innlán einstaklinga, fyrirtækja alls og opinberra aðila. Skipting fyrirtækjainnlána 2023 og 1H 2024 er áætluð út frá síðasta birta niðurbroti (2022).

Arion banki hf.




Mynd 2: Upplýsingar um umsvif Arion banka hf. á innlánamarkaði

Íslandsbanki hf.



■ Einstaklingar ■ SME ■ Stór fyrirtæki ■ Opinberir aðilar ■ Lífeyrissjóðir ■ Fjármálafyrirtæki





■ Óvtr innlán ■ Vtr innlán ■ FX innlán

Mynd 3: Upplýsingar um umsvif Íslandsbanka hf. á innlánamarkaði

(94) Til samanburðar sýnir eftirfarandi mynd nr. 5 stöðu Landsbankans, sem byggir á sömu forsendum.

## Landsbankinn



Mynd 4: Upplýsingar um umsvif Landsbankans á innlánamarkaði

### Útlán

- (95) Þá er bankinn með 28,3% áætlaða markaðshlutdeild (bankar, ÍL-sjóður og lífeyrissjóðir) í íbúðalánum þar sem aðrir viðskiptabankar og lífeyrissjóðir eru keppinautar. Fjárhæð


Íbúðalána hjá Landsbankanum miðað við 30. júní 2024 er 756.087 ma.kr. og fjöldi lána er 37.680. Sjá **töflu 5**.<sup>59</sup>

í milljörðum króna	31.12.2023		30.6.2024	
	Fjárhæð	Hlutdeild	Fjárhæð	Hlutdeild
Íbúðalán Landsbankans	730.984	28,3%	756.087	28,3%
Íbúðalán Íslandsbanka	530.676	20,5%	548.995	20,5%
Íbúðalán Arion banka	549.371	21,3%	575.229	21,5%
Íbúðalán lífeyrissjóða	633.218	24,5%	654.264	24,5%
Íbúðalán HMS/ÍLS	139.863	5,4%	138.459	5,2%
<b>Samtals</b>	<b>2.584.112</b>	<b>100,0%</b>	<b>2.673.034</b>	<b>100,0%</b>

Tafla 5: Áætluð markaðshlutdeild á íbúðalánamarkaði



- (96) Markaðshlutdeild Landsbankans í öðrum útlánnum lánastofnana til heimila var [...] <sup>60</sup> þann 30. júní 2024. Við greiningu á markaðshlutdeild bankans eru gögn sótt í hagtölur sem Seðlabanki Íslands birtir á heimasíðu sinni. Myndirnar hér á eftir, þ.e. **myndir 6, 7 og 8**, sýna útlán Landsbankans, Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. miðað við tölur úr samstæðureikningum (árs- og árshlutareikningum) viðkomandi aðila:

Landsbankinn hf.





<sup>59</sup> Heimild: Uppgjör viðskiptabankanna og hagtölur Seðlabankans. Í hagtölum Seðlabankans er vísað í útlán lífeyrissjóða til heimila ("íbúðalán lífeyrissjóða") og útlán lánasjóða ríkisins til heimila með veði í íbúð ("íbúðalán HMS/ÍLS").

<sup>60</sup> Trúnaðarmál.




Mynd 5: Upplýsingar um umsvif Landsbankans á útlánamarkaði

Arion banki hf.










Mynd 6: Upplýsingar um umsvif Arion banka hf. á útlánamarkaði

Íslandsbanki hf.





Mynd 7: Upplýsingar um umsvif Íslandsbanka hf. á útlánamarkaði

- (97) Verður nú vikið stuttlega að stöðu Landsbankans á sviði bíla- og tækjafjármögnunar. Hvað einstaklingsmarkað varðar skal það nefnt að Seðlabankinn gefur mánaðarlega út skýrslu þar sem finna má upplýsingar um ný bílalán í hverjum mánuði að frádregnum upp- og umframgreiðslum<sup>61</sup>. Hlutdeild Landsbankans í þessum nettótölum hefur farið minnkandi, og er [...] <sup>62</sup> á árinu 2024, sbr. **töflu 6** hér að neðan.

<sup>61</sup> Um er að ræða bílalán til heimila, aðgreind frá öðrum lánum heimila. [Trúnaðarmál]

<sup>62</sup> Trúnaðarmál.

[...] <sup>63</sup>

- (98) Gallup gerir reglulega kannanir á stöðu fjármögnunarfyrirtækja hjá bílakaupendum þar sem úrtakið eru kaupendur nýrra og notaðra bíla á árinu (úrtak fengið hjá Credit Info). Miðað við könnun frá apríl 2024, sem byggir á gögnum um þá sem keyptu bíl árið 2023, sést að markaðshlutdeild Landsbankans er 19%, og hefur farið minnkandi síðustu ár. Sjá í þessu sambandi mynd 9 hér að neðan sem sýnir markaðshlutdeild fjármögnunarfyrirtækjanna.<sup>64</sup>

[...]

- (99) Loks skal tekið fram að heildarlán til einstaklinga á sviði bíla- og tækjafjármögnunar miðað við 30. júní 2024 nema [...] <sup>65</sup> og fjöldi lántaka (kennitölur) eru [...] <sup>66</sup>

### 3.1.2.2 Bankþjónusta við fyrirtæki

- (100) Fyrirtækjabankþjónusta felur í sér bankþjónustu við fyrirtæki, m.a. innlán, útlán, alþjóðlega greiðslumiðlun, ábyrgðir og ráðgjöf í tengslum við samruna og yfirtökur. Hefur enn fremur verið litið svo á að aðgreina skuli frekar bankþjónustu við fyrirtæki eftir því hvort um stór eða smá fyrirtæki er að ræða. Í því sambandi hefur verið bent á að bankar nálgist smá og meðalstór fyrirtæki yfirleitt með því að bjóða þeim staðlaðar vörur en það sé ekki alltaf eins auðvelt í tilvikum stórra fyrirtækja sem hafa sterkari samningsstöðu og þarfnast gjarnan flóknari fjármálaþjónustu (s.s. skuldabréfaútgáfu í stað lántöku).<sup>67</sup> Í ákvörðun SE nr. 50/2008 (*Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*) kom fram að rök standi til þess að skipta þeim markaði fyrir bankþjónustu við fyrirtæki í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki annars vegar

*Mynd 8: Niðurstöður könnunar Gallup á stöðu fjármögnunarfyrirtækja hjá bílakaupendum frá apríl 2024 - Trúnaðarmál*

og þjónustu við stórfyrirtæki hins vegar.<sup>68</sup> Sú nálgun er í samræmi við aðferðafræði framkvæmdastjórnar ESB.<sup>69</sup>

- (101) Fyrirtækjasvið Landsbankans býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum upp á fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, eins og netbanka fyrirtækja og Landsbankaappið.
- (102) Í framkvæmd SE hefur verið talið að til staðar sé markaður fyrir fyrirtækjaráðgjöf. Þannig segir í ákvörðun SE nr. 5/2021 (*Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*) að þar undir falli meðal annars útboð og skráning verðbréfa og stærri og minni ráðgjafarverkefni um kaup og sölu fyrirtækja og fjármögnun, sbr. einnig ákvarðanir SE

<sup>63</sup> Trúnaðarmál.

<sup>64</sup> Mynd trúnaðarmál.

<sup>65</sup> Trúnaðarmál.

<sup>66</sup> Trúnaðarmál.

<sup>67</sup> Ákvörðun SE nr. 25/2017.

<sup>68</sup> Við skiptinguna telur SE að taka megi mið af viðmiðum EB. Var því miðað við að stór fyrirtæki hefðu veltu sem væri hærrí en 4.380 milljónir króna á árinu 2007 en EB miðar við veltu upp á 50 milljónir evra. Taldi SE eðlilegt að umreikna þá stærð m.v. meðalgengi ársins 2007.

<sup>69</sup> Sjá m.a. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli COMP/M.4844 (FORTIS/ABN AMRO ASSETS).

nr. 27/2023 (*Kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka hf.*) og 25/2017 (*Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankaþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki – Á grundvelli sáttar við Íslandsbanka*). Er þessi nálgun í samræmi við framkvæmd framkvæmdastjórnar ESB, sbr. ákvarðanir í málum COMP/M.5384 (BNP Paribas/Fortis) og COMP/M.3894 (Unicredito/HVB).

- (103) Landsbankinn hefur áætlað markaðshlutdeild sína á hlutaðeigandi markaði með hliðsjón af upplýsingum sem eru aðgengilegar hjá Seðlabanka Íslands. Markaðshlutdeild Landsbankans að því er varðar innlán frá fyrirtækjum er [...] <sup>70</sup>. Áætluð markaðshlutdeild Landsbankans að því er varðar innlán frá stærri fyrirtækjum er [...] <sup>71</sup> og [...] <sup>72</sup> að því er varðar innlán lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Bankinn er með [...] <sup>73</sup> áætlaða markaðshlutdeild hvað varðar útlán frá innlendum bönkum til fyrirtækja (þ.e. útlán sem færð eru á efnahagsreikning bankanna), en Seðlabankinn aðgreinir ekki upplýsingar um útlán eftir stærð fyrirtækja og getur Landsbankinn því ekki áætlað markaðshlutdeild sína á markaði fyrir útlán frá innlendum bönkum til fyrirtækja eftir stærð fyrirtækja. Þá má benda á að í þessu sambandi nýtur við samkeppnislegs aðhalds frá verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum og lífeyrissjóðum, með fjárfestingum í skuldabréfum, m.a. með kaupum í sérhæfðum sjóðum, auk þess sem stærri fyrirtæki hafa aðgang að lánsfjármögnun frá bæði erlendum bönkum og í gegnum markaðsfjármögnun með skuldabréfaútgáfu.
- (104) Að því er varðar markað fyrir bíla- og tækjafjármögnun á fyrirtækjamarkaði er ekki unnt að nálgast hlutdeildartölur með sama hætti og fyrir einstaklingsmarkað, sbr. umfjöllun í málsgrein (97) - (99) að framan. Heildarlán til fyrirtækja hvað varðar tækja- og bílafjármögnun námu [...] <sup>74</sup> og fjöldi lántaka (kennitölur) [...] <sup>75</sup>, miðað við þann 30. júní 2024. Að mati Landsbankans er bankinn með um og yfir [...] <sup>76</sup> markaðshlutdeild hvað varðar bíla- og tækjafjármögnun til fyrirtækja. Bankinn sé að fjármagna um [...] <sup>77</sup> af bílaleigubílum á liðnu ári sem er hærra en undanfarin ár, en magnið er minna. Að mati bankans er snúið að finna ákveðna tölu hvað varðar markaðshlutdeild enda eru mörg fyrirtæki að taka bílalán og því ekki hægt að rekja það hvort bíll sem er skráður sé fjármagnaður. Byggir framangreint eingöngu á mati Landsbankans og tilfinningu.
- (105) Hvað varðar helstu keppinauta Landsbankans í bíla- og tækjafjármögnun fyrirtækja er Ergo stærsti samkeppnisaðilinn. Telur bankinn Ergo vera stærri en Landsbankann á viðkomandi markaði, en Ergo hefur verið mun stærri en Landsbankinn í bílaleigum að mati bankans. Hefur Ergo verið að fjármagna upp undir 55% af nýskráðum bílaleigubílum og eru þeir einnig sterkir í fjármögnun véla og tækja. Lykill er að mati Landsbankans minni en bankinn á umræddi sviði og hefur þá helst verið að keppa á

<sup>70</sup> Trúnaðarmál.

<sup>71</sup> Trúnaðarmál.

<sup>72</sup> Trúnaðarmál.

<sup>73</sup> Trúnaðarmál.

<sup>74</sup> Trúnaðarmál.

<sup>75</sup> Trúnaðarmál.

<sup>76</sup> Trúnaðarmál.

<sup>77</sup> Trúnaðarmál.

lágum kjörum en Landsbankinn hefur þó náð að jafna þeirra kjör og vel það. Þeir hafa ekki verið stórir í bílaleigum. Loks er það mat Landsbankans að Arion banki sé minnsti aðillinn á umræddum markaði fyrirtækjamegin.

### 3.1.2.3 Markaðsviðskipti

- (106) Til samræmis við fordæmi úr ESB-samkeppnisrétti hefur SE litið svo á að til staðar sé sérstakur markaður fyrir markaðsviðskiptaþjónustu<sup>78</sup>, sbr. t.d. ákvarðanir SE í málum nr. 5/2021 (*Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*) og 17/2015 (*Samruni MP banka hf. og Straums fjárfestingarbanka hf.*).<sup>79</sup> Þessi markaður tekur til þjónustu á borð við viðskipti fyrir þriðja aðila með hlutabréf, skuldabréf, afleiður, gjaldmiðla, skammtímaskuldaskjöl og aðra eignaflokka. Einnig hafa áhættulaus viðskipti fyrir eigin reikning verið talin falla undir skilgreininguna á markaðsviðskiptaþjónustu. Framkvæmdastjórn ESB hefur í framkvæmd sinni almennt haldið því opnu hvort hver þessara þjónustupátta um sig kunni að samsvara aðgreindum vörumarkaði. Var þessi nálgun framkvæmdastjórnarinnar höfð til grunnviðmiðunar hvað varðar markaðsviðskipti í ákvörðun eftirlitsins nr. 17/2015.
- (107) Jafnframt kom fram í ákvörðun SE í máli nr. 17/2015 að rétt sé að greina á milli einstakra undirmarkaða á sviði markaðsviðskiptaþjónustu. Samkvæmt þeirri ákvörðun skiptist markaðsviðskiptamarkaður í eftirfarandi undirmarkaði:
- Markaður fyrir skuldabréfamiðlun
  - Markaður fyrir hlutabréfamiðlun
  - Markaður fyrir gjaldeyrismiðlun
  - Aðrir ótilgreindir undirmarkaðir
- (108) Í skýrslu SE nr. 1/2013 (*Fjármálaþjónusta á krossgötum*) var m.a. fjallað um markaðinn fyrir markaðsviðskiptaþjónustu.<sup>80</sup> Þar kemur fram að markaðsviðskiptaþjónusta sé starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Markaðsviðskiptaþjónusta felist í móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum varðandi viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerning og framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina. Í skýrslunni var verðbréfamiðlunarmarkaði á Íslandi skipt í eftirfarandi þrjá undirmarkaði:
- Miðlun fyrir skráð hlutabréf og skuldabréf
  - Miðlun fyrir óskráð verðbréf
  - Gjaldeyrismiðlun og afleiðumiðlun

<sup>78</sup> Með nýjum lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og tengdum lögum voru gerðar breytingar á ýmsum hugtökum sem ástæða kann að vera til að taka mið af við skilgreiningu á markaði fyrir markaðsviðskiptaþjónustu. Hugtakanotkun í þessum kafla tekur hins vegar alfarið mið af hugtakanotkun í eldri ákvörðunum SE sem varða markaðsviðskiptaþjónustu.

<sup>79</sup> Í umræddri ákvörðun SE nr. 5/2021 taldi SE ekki tilefni til að ráðast í víðtæka gagnaöflun á markaðshlutdeild aðila, en tekið var fram að ekki væru vísbendingar um annað en að stóru viðskiptabankarnir væru enn í „allsterkri stöðu á þessum markaði þrátt fyrir að Kvika sé þar orðinn burðugur keppinatur.“

<sup>80</sup> Í skýrslunni er notast við hugtakið „verðbréfamiðlun“ í stað „markaðsviðskiptaþjónustu“.

- (109) Landsbankinn stundar starfsemi á markaðsviðskiptamarkaði. Landsbankinn veitir alhliða þjónustu í tengslum við verðbréfavíðskipti á fjármálamarkaði, sem felst m.a. í fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, viðskiptavakt með gjaldeyri, þjónustu er varðar skuldabréf og hlutabréf, og þjónustu er snertir gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu. Á sviði eigin viðskipta Landsbankans fara fram viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning bankans, auk þess sem sviðið annast viðskiptavakt fyrir [...].<sup>81</sup>
- (110) Mikil samkeppni er á markaði fyrir markaðsviðskiptaþjónustu, sem er starfsleyfissskyld starfsemi lögum samkvæmt, en nokkur fyrirtæki starfa við verðbréfamiðlun, þ.e. Kvika, Íslandsbanki hf. og Arion banki hf., ACRO verðbréf hf., Arctica Finance hf., Fossar fjárfestingabanki hf. og Íslensk verðbréf hf. Áætla má að hlutdeild Landsbankans á markaðinum í lok maí 2024 sé um [...] <sup>82</sup> í skuldabréfum og [...] <sup>83</sup> í hlutabréfum miðað við vegið meðaltal af heildarveltu.
- (111) Áætluð markaðshlutdeild Landsbankans í uppgjöri verðbréfavíðskipta er [...] <sup>84</sup>.
- (112) Þá býður Landsbankinn upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri, afleiður, auk þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, sér um hluta af þessari þjónustu innan samstæðu Landsbankans en Landsbréf stýra fjölbreyttu úrvali sjóða og félaga sem fjárfesta bæði innanlands og á alþjóðlegum verðbréfamörkum fyrir almenna fjárfesta og fagfjárfesta.

#### 3.1.2.4 Eignastýring

- (113) Um markað fyrir eignastýringu var ítarlega fjallað í ákvörðun SE nr. 5/2019 (*Samruni Kviku banka hf. og Gamma Capital Management hf.*). Þar kom fram að samkvæmt ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB er varða eignastýringu (e. *asset management*) tekur eignastýring til fjárfestingarráðgjafar og þar að lútandi fjárfestingar á grundvelli umboðs til þess frá viðskiptavini. Þannig felur eignastýring<sup>85</sup> í sér útfærslu, stofnun og markaðssetningu á sjóðum af ýmsu tagi um sameiginlega fjárfestingu og stýringu verðbréfaeignasafna fyrir lífeyrissjóði, stofnanir og einkafjárfesta, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli COMP/M.5384 (BNP Paribas/Fortis). Í fyrri málum SE hefur verið notast við umrædda afmörkun í evrópskum samkeppnisrétti til grunnviðmiðunar á því hvað eignastýring felur í sér, sbr. ákvarðanir SE nr. 5/2021 (*Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.*), 5/2019 (*Samruni Kviku banka hf og Gamma Capital Management hf.*) og 17/2015 (*Samruni MP banka hf. og Straums fjárfestingarbanka hf.*).
- (114) Í ákvörðun SE nr. 5/2019 kemur enn fremur fram að stýring skyldulífeyrissparnaðar geti ekki talist hluti af eignastýringarmarkaðnum hérlandis í samkeppnisréttarlegum skilningi enda þótt heildareignastofn skyldulífeyrissparnaðar sem fjárfestur hefur verið í

<sup>81</sup> Trúnaðarmál.

<sup>82</sup> Trúnaðarmál.

<sup>83</sup> Trúnaðarmál.

<sup>84</sup> Trúnaðarmál.

<sup>85</sup> Hugtakið „eignastýring“ í þessu sambandi er hér notað í þeirri víðu merkingu sem lengst hefur tíðkast á fjármálamarkaði, sbr. ákvarðanir SE nr. 5/2019 og 5/2021, en ekki í þeirri þröngu merkingu sem fram kemur í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

verðbréfum og öðrum eignum sé mun veigameiri heldur en þau eignaverðmæti sem stýrt er á „frjálsa hluta“ eignastýringarmarkaðarins. Segja megi að eigin stýring almennu lífeyrissjóðanna svonefndu á skyldulífeyrissparnaði standi að mestu leyti utan samkeppni á sviði eignastýringar. Leiði það í meginatriðum af ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

- (115) Í ákvörðun SE nr. 5/2019 kemur fram það mat SE að eignastýringarmarkaður greinist í eftirfarandi undirmarkaði:
- markað fyrir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði sem heimilt er að markaðssetja til almennings sem öllum stendur til boða (nú nefndir sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta samkvæmt lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða),
  - markað fyrir eignastýringu fyrir stofnanafjárfesta og aðra fjársterka fagfjárfesta,
  - markað fyrir stýringu séreignarlífeyrissparnaðar fyrir einstaklinga, og hugsanlega:
  - markað fyrir stýringu sérgreindra safna fyrir viðskiptavini einkabankapjónustu.<sup>86</sup>
- (116) Í ákvörðun SE nr. 5/2019 kom fram að SE teldi vísbendingar vera fyrir hendi um að heildarmarkaðurinn fyrir eignastýringu á Íslandi kunni að greinast niður í undirmarkaði eftir viðskiptamannahópum (tegund fjárfesta) annars vegar og að nokkru leyti eftir eðlis sparnaðar hins vegar. Jafnframt sé ekki hægt að útiloka að markaðurinn kunni að greinast í ákveðna undirmarkaði út frá fjárfestingarstefnu. Enn fremur sé óvíst hvort viðeigandi sé að fella eignastýringu á sviði einkabankapjónustu undir eignastýringarmarkað. Í ljósi takmarkaðrar skörunar í starfsemi samrunaaðila er ekki tilefni til að fjalla nánar um slíka undirmarkaði hér.
- (117) Í ákvörðun SE nr. 5/2021 er um stöðu á eignastýringarmarkaði vísað til umfjöllunar í fyrrnefndri ákvörðun SE nr. 5/2019 en upplýsingar í því máli gáfu til kynna, eins og þar segir, „sterka stöðu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á vegum stóru bankanna þriggja, ásamt því að sérhæfðir sjóðir á vegum Arion banka og eignastýring sama banka hafi verulega markaðshlutdeild“.<sup>87</sup>
- (118) Miðað við áætlanir Landsbankans vegna ársins 2023 er Landsbankinn með [...] <sup>88</sup> áætlaða markaðshlutdeild á markaði fyrir eignastýringu.

### 3.1.2.5 Almennt um samkeppnisumhverfi Landsbankans

- (119) Mikil samkeppni ríkir á íslenskum viðskiptabankamarkaði. Landsbankinn er hefðbundinn viðskiptabanki og er talsverð samkeppni um viðskiptavini í öllum

<sup>86</sup> Til hliðsjónar skal nefnt að með ákvörðun nr. 5/2019 vék SE í óverulegum atriðum frá fyrri skilgreiningu sinni á undirmörkuðum eignastýringarmarkaðarins. Þannig var í skýrslu SE nr. 1/2013 og ákvörðun nr. 3/2015 byggt á því að markaðurinn skiptist í (1) Markað fyrir almenna eignastýringarþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, (2) Markað fyrir stýringu séreignarlífeyrissparnaðar fyrir einstaklinga, (3) Markað fyrir einkabankapjónustu og (4) Markað fyrir sérgreinda eignastýringu fyrir fagfjárfesta. Leggja skal til grundvallar þá undirmarkaði sem SE leggur fram í nýrri ákvörðun sinni nr. 5/2019.

<sup>87</sup> Það skal tekið fram að fagfjárfestastjóðir eru í dag nefndir „sérhæfðir sjóðir“ og fjárfestingarsjóðir eru í dag nefndir „sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta“.

<sup>88</sup> Trúnaðarmál. Markaðshlutdeild á markaði fyrir eignastýringu var áætluð með því að taka hlutfall hreinna þjónustutekna Landsbankans í eignastýringu af heildar hreinum þjónustutekjum Landsbankans, Íslandsbanka hf., Arion banka hf., Kviku hf. og Skagans hf. í eignastýringu.



þjónustum og vörum bankans. Helstu keppinautar Landsbankans eru aðrir innlendir viðskiptabankar, svo sem Kvika, Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. Samtals hafa þessir fjórir viðskiptabankar nokkuð sterka stöðu á þeim mörkuðum sem um ræðir. Aðrir keppinautar samstæðu Landsbankans eru önnur fjármála- og verðbréfafyrirtæki, svo sem Arctica Finance hf., Fossar fjárfestingarbanki hf., ACRO verðbréf hf., Indó sparisjóður hf., Kvika eignastýring hf., Íslandssjóðir hf. og Stefnir hf. Einnig má nefna innlenda og erlenda keppinauta í greiðsluþjónustu.

- (120) Hvað aðgangshindranir varðar þá liggur fyrir að fjármálafyrirtæki starfa undir ströngu regluverki en að stærstu leyti er um að ræða samræmt regluverk á grundvelli EES-samningsins. Þá eru starfsleyfisumsóknir almennt bæði tímafreakar og kostnaðarsamar en ekki er hægt að hefja fjármálastarfsemi hérlendis án þess að tilskilin starfsleyfi frá FME liggja fyrir. Því til viðbótar eru strangar eiginfjárkröfur gerðar til félaga sem hyggjast starfa á fjármálamarkaði. Jafnframt má hafa í huga að almennt er erfitt að ná fóttfestu á mörkuðum fyrir fjármálastarfsemi og þarf starfsemi að vera nokkuð umfangsmikil til þess að um arðbæran rekstur sé að ræða. Stærðarhagkvæmni er því nauðsynleg í starfsemi sem þessari, auk þess sem gott orðspor og traust eru lykilforsendur þess að viðskiptavinir eigi í viðskiptum við fjármálafyrirtæki.
- (121) Að því er varðar innkomu nýrra aðila, þá hefur samkeppni aukist að undanförunu m.a. í greiðsluþjónustu, innlánastarfsemi, útlánastarfsemi, sérhæfðum fjárfestingum og eignastýringu. Má þar nefna fjármálaþjónustu á vegum Kviku undir vörumerkjum AUR og Auðar, og Indó sparisjóðs hf., en nýverið var fjallað um góðan árangur Indó í fjölmiðlum.<sup>89</sup> Rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, sem reka eingöngu sjóði fyrir fagfjárfesta, hefur fjölgað umtalsvert og má í því sambandi nefna félög á borð við Akta sjóðir hf., VEX ehf., Seiglu eignastýringu ehf., Stefnir hf., Visku Digital Assets ehf., Orca Capital Partners ehf. og Leitar Capital Partners ehf. Akta sjóðir hf. starfrækja einnig verðbréfasjóði sem einstaklingum stendur til boða að fjárfesta í. Á sviði eignarstýringar hefur samkeppni einnig aukist umtalsvert og má þar nefna að Akta sjóðir hf. fengu starfsleyfi til eignastýringar árið 2022, ACRO verðbréf hf. fékk samskonar leyfi árið 2021 og þá fékk SIV eignastýring samskonar leyfi árið 2023. Einnig má nefna að Kvika stendur styrkum fótum á eignastýringarmarkaði. Má að mati samrunaaðila segja að framangreint sé til marks um það að möguleikar nýrra aðila til að hefja starfsemi og taka þátt í samkeppni á þessum mörkuðum eru sannarlega fyrir hendi.
- (122) Þá hefur samkeppni frá fjártækniyrirtækjum vaxið með aukinni áherslu á stafrænar lausnir, tækniþróun og greiðsluþjónustutilskipun Evrópusambandsins (PSD2). Fjármál, vefrit FME<sup>90</sup>, greindi frá því að þessar breytingar gera nýjum aðilum kleift að hasla sér völl í samkeppni við stóru viðskiptabankana. Vísa samrunaaðilar að auki til umfjöllunar í sérútgáfu Viðskiptablaðsins sem gefið var út í tilefni af SFF deginum 2024. Þar var meðal annars fjallað um aukna samkeppni í fjármálastarfsemi á Íslandi í viðtali við Benedikt Gíslason, bankastjóra Arion banka.<sup>91</sup> Vísað var til könnunar sem Gallup framkvæmdi á vegum SFF, þar sem mældur var hreyfanleiki neytenda annars vegar

<sup>89</sup> <https://vb.is/frettir/komin-til-ad-vera/>

<sup>90</sup> [Stada-islensku-vidskiptabankanna-og-helstu-askoranir-framundan.pdf \(fme.is\)](https://www.fme.is/Stada-islensku-vidskiptabankanna-og-helstu-askoranir-framundan.pdf)

<sup>91</sup> <https://vb.is/frettir/hreyfanleikinn-mestur-a-islandi/>



með mismunandi vörur á fjármálamarkaði og hins vegar samanlagður hreyfanleiki. Könnunin leiddi í ljós að hreyfanleikinn er mun meiri á íslenskum fjármálamarkaði, eða um 48% samanlagt, samanborið við Norðurlöndin (31%) og ESB ríkin (29%). Í umfjöllun Viðskiptablaðsins var greint frá því að ýmislegt hefur verið gert á síðustu árum til að draga úr skiptikostnaði viðskiptavina bankanna og efla samkeppni á fjármálamarkaði hérlandis. Benedikt vísaði til þess að þetta væri liður í því að samkeppni á fjármálamarkaði hafi aukist og að hún muni aukast enn meira með PSD2 tilskipuninni og þeim fjártæknifyrirtækjum hérlandis sem í auknum mæli bjóða upp á fjölbreytta þjónustu. Af þessari umfjöllun þykir mega draga þá ályktun að samkeppni á fjármálamarkaði hafi aukist á undanförunum árum og við því megi búast að hún muni aukast enn frekar á næstu misserum. Samrunaaðilar telja því ljóst að þrátt fyrir að nokkrar aðgangshindranir séu til staðar, einkum vegna strangs regluverks, þá sé fjármálastarfsemi í stöðugri þróun og samkeppni hörð.

- (123) Hvað viðkemur landfræðilegum mörkuðum sem Landsbankinn starfar á, að því er varðar framangreinda vöru- og þjónustumarkaði, þá telur Landsbankinn að þeir séu í öllum tilvikum **landið allt, Ísland**. Í langflestum tilvikum er um að ræða þjónustu sem veitt er hér á landi og sem er starfsleyfisskyld lögum samkvæmt. Hugsanlega má færa rök fyrir því að landfræðilegir markaðir í fjármálaþjónustu kunni að vera stærri en Ísland, enda megi líta svo á að landamæri í fjármálaþjónustu hafi ört minnkandi áhrif. Ekki þykir þó tilefni til nánari umfjöllunar um þetta.

## 4. kafli

### Rökstutt mat á samkeppnislegum áhrifum

#### 4.1 Almenn

- (124) Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni muni hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga.
- (125) Samrunaaðilar líta svo á að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa nein þau áhrif á markaðsgerð viðkomandi markaða, sem líkleg séu til að hamlar samkeppni. Fjallað er um tilgang og markmið samrunans í 1. kafla hér að framan. Hér á eftir verður nánar fjallað um mat samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

#### 4.2 Samkeppnisleg áhrif á mörkuðum samrunaaðila

##### 4.2.1 Möguleg lárétt áhrif

- (126) Samruni Landsbankans og TM er samsteypusamruni. Engin lárétt skörun er í starfsemi aðila, og að sama skapi eru lárétt áhrif samrunans engin.

##### 4.2.2 Möguleg lóðrétt áhrif

###### 4.2.2.1 Markaður fyrir kreditkortatryggingar

- (127) Hvað lóðrétt áhrif varðar, þá gæti takmarkaðra lóðréttra áhrifa í tengslum við kreditkortatryggingar, en með vísan til umfjöllunar um markaðshlutdeild samrunaaðila á annars vegar kreditkortamarkaði og hins vegar markaði fyrir kreditkortatryggingar, þá telja samrunaaðilar óhætt að líta svo á að lóðrétt áhrif samrunans verði afar takmörkuð.

###### 4.2.2.2 Möguleg áhrif á markaði fyrir markaði fyrir dreifingu váttrygginga

- (128) Eftir því sem samrunaaðilar komast næst hefur SE ekki skilgreint markað fyrir váttryggingamiðlun. Aftur á móti hefur framkvæmdastjórn ESB skilgreint markað fyrir dreifingu váttrygginga í neðangreindum ákvörðunum sínum:
- Í ákvörðun sinni í máli COMP/M.6649 (Allianz/Insurance Portfolio and Brokerage Services of Gan Eurocourtage) frá 23. júlí 2012 skilgreindi framkvæmdastjórnin markaðinn „*downstream market for insurance distribution*“. Markaðurinn feli í sér öflun váttryggingarverndar fyrir einstaklinga og fyrirtæki í gegnum mismunandi dreifingarleiðir, s.s. fyrir tilstilli „direct writers“, „tied agents“ eða milligönguaðila svo sem banka eða váttryggingamiðlara. Framkvæmdastjórnin hélt því opnu hvort markaðurinn tæki eingöngu til dreifingu þriðju aðila á váttryggingum eða hvort bein sala váttrygginga félli einnig innan markaðarins. Í ákvörðun COMP/M.6053 (CVC/Appollo/Brit Insurance) frá 19. janúar 2011 var sama markaðsskilgreining lögð til grundvallar.
  - Í ákvörðun IV/M.1307 (Marsh & McLennan/Sedgwick) frá 23. október 1998 var skilgreindur markaður fyrir dreifingu trygginga, þ.e. „*insurance distribution*“. Í ákvörðuninni kom fram að markaðnum væri skipt niður eftir því hvort um ræddi líf- eða skaðatryggingar. Í ákvörðuninni er einnig umfjöllun um hvort hægt sé að skipta markaðnum upp eftir því hvort tryggingar eru seldar fyrir tilstilli váttryggingamiðlara (e.

*insurance broker*) eða váttryggingaumboðsmanns (e. *insurance agent*). Um greinarmuninn segir m.a. í ákvörðuninni að váttryggingamiðlarar leggja í starfi sínu áherslu á að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna, veita þeim sjálfstæða ráðgjöf og koma fram fyrir þeirra hönd við að leita að ákjósanlegasta váttryggjandanum. Váttryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn fyrir þeirra hönd hafa það markmið að selja tryggingar viðkomandi tryggingafélaga. Auk þess er sú þjónusta sem sjálfstæðir váttryggingamiðlarar veita oft víðtækari en bara að selja tryggingar, og getur t.d. tekið til að framkvæma áhættumat á váttryggjendum og aðstoð við að setja fram kröfur.

- (129) Í 3. gr. laga nr. 62/2019 eru hugtökin *váttryggingamiðlari* og *váttryggingaumboðsmaður* skilgreind með eftirfarandi hætti:
- Váttryggingamiðlari er einstaklingur eða lögaðili, með starfsleyfi skv. 4. gr., sem dreifir frum- og/eða endurtryggingum gegn gjaldi.
  - Váttryggingaumboðsmaður er einstaklingur eða lögaðili sem á grundvelli samnings dreifir frum- og/eða endurtryggingum á vegum váttryggingafélags og á ábyrgð þess gegn endurgjaldi.
- (130) Eins og framangreindar skilgreiningar gefa til kynna, þá er grundvallarmunur á váttryggingamiðlun annars vegar og váttryggingaumboðsmennsku hins vegar. Í dag eru níu aðilar á skrá hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari.<sup>92</sup> Skoðun á heimasíðum þessara aðila sýnir að starfsemi þeirra er í mörgum tilvikum fjölþætt og felur m.a. í sér ráðgjöf og mat á tryggingavernd, auk miðlunar váttrygginga. [...] <sup>93</sup> Nokkuð fleiri aðilar eru á skrá sem váttryggingaumboðsmenn. Þar af eru nokkrir aðilar sem eru umboðsmenn váttrygginga TM[...] <sup>94</sup>.
- (131) Í málsgreinum (144) - (146) hér að framan er fjallað um möguleika Landsbankans til dreifingar á váttryggingum TM, en af þeirri umfjöllun má ráða að heimildir bankans að lögum takmarkast við umboðsmennsku við sölu á váttryggingum TM. Eftir framkvæmd samrunans mun því fyrirhuguð sala Landsbankans á tryggingum TM fyrir tilstilli samnings um umboðssölu koma til viðbótar þeirri sölu sem fæst með núverandi fyrirkomulagi, og þannig hugsanlega auka samkeppni þegar kemur að dreifingu trygginga TM fyrir tilstilli umboðsmanna. Eins og fram hefur komið, í málsgrein (26) að framan, þá kann að draga úr sölu trygginga fyrir tilstilli utanaðkomandi umboðsmanna, samhliða aukinni sölu á váttryggingum hjá starfsmönnum Landsbankans og í Landsbankaappinu.
- (132) Líkt og framangreind umfjöllun gefur til kynna eru fyrir hendi mismunandi leiðir við dreifingu váttrygginga, þ.e. sjálfstæðir váttryggingamiðlarar, váttryggingaumboðsmenn og eigin söludeildir váttryggingafélaga. Landsbankinn telur að samruninn sem slíkur komi ekki til með að hafa teljandi áhrif þar á, að öðru leyti en að það kunni að draga úr sölu

<sup>92</sup> <https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Skra-yfir-vattryggingamidlara-vattryggingaumbodsmenn-og-adila-sem-dreifa-vattryggingum-sem-aukaafurd-upd-24.-mai-2024.pdf>.

<sup>93</sup> Trúnaðarmál.

<sup>94</sup> Trúnaðarmál.

trygginga fyrir tilstilli utanaðkomandi umboðsmanna. Þá verður ekki séð að samruninn hafi hafi nein áhrif á mögulegan undirmarkað fyrir váttryggingamiðlun.

(133) Ákvarðanir um kjör tryggingataka hjá TM liggja hjá TM.

#### 4.2.3 *Möguleg samsteypuáhrif*

(134) Í leiðbeiningareglum framkvæmdastjórnar ESB um samruna sem ekki teljast láréttir er útskýrt undir hvaða kringumstæðum samsteypusamrunar geti verið samkeppnishamlandi, en það er helst þegar þeir hafa í för með sér svonefnd útilokunaráhrif, þ.e. að sameinað félag hafi bæði getu og hvata til að beita sterkri stöðu á einum markaði á öðrum markaði með samtvinnun eða vöndlun, eða með annarri útilokandi háttsemi. Í leiðbeiningarreglum er tekið fram að samtvinnun og vöndlun sé viðtekin háttsemi sem hafi oft engar samkeppnishamlandi afleiðingar. Fyrirtæki noti slíkt oft til þess að geta boðið viðskiptavinum betri vörur eða til að ná fram kostnaðarhagræðingu. Aftur á móti getur slík háttsemi haft samkeppnishamlandi áhrif við tiltekna aðstæður. Við mat á líkindum þess að samsteypusamruni kunni að hafa í för með sér útilokunaráhrif er einkum að líta til eftirfarandi þriggja atriða:

- a) Meta þarf möguleika samrunafyrirtækis til þess að útiloka keppinauta.
- b) Meta þarf hvort hvati til þess að útiloka keppinaut sé til staðar hjá samrunafyrirtæki.
- c) Meta þarf hvort slík háttsemi hafi neikvæð áhrif á samkeppni til tjóns fyrir neytendur.

(135) Mat á þessum þáttum er jafnan samofið ferli þar sem þessi atriði eru öll nátengd. Talið er að nærtækasta leiðin fyrir sameinað félag til að nota markaðsstyrk sinn á einum markaði til að útiloka keppinauta á öðrum markaði er að skilyrða sölu á þann veg að vörur á annars aðskildum mörkuðum eru tengdar saman. Þetta er þá einkum gert með *vöndlun eða samtvinnun*.<sup>95</sup>

(136) Til þess að fyrirtæki geti haft möguleika á að útiloka keppinauta verður sameinað félag að hafa umtalsverðan markaðsstyrk á einum viðkomandi markaði. Þá kemur fram í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnarinnar að áhrif vöndlunar eða samtvinnunar geti aðeins verið veruleg ef vara eða þjónusta a.m.k. eins samrunaaðila er álitin af mörgum viðskiptavinum sem sérstaklega mikilvæg og það eru fáir aðrir raunhæfir valmöguleikar í boði, svo sem vegna vöruaðgreiningar eða takmörkunar á afkastagetu hjá keppinautum.<sup>96</sup> Að mati samrunaaðila er ljóst að hvorki eigi það við um váttryggingamarkað né markaði sem Landsbankinn starfar á að á þeim séu „*fáir aðrir raunhæfir valmöguleikar í boði, svo sem vegna vöruaðgreiningar eða takmörkunar á afkastagetu hjá keppinautum*“. Eins og rakið er í kafla 3 að ofan er virk samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Sérstaklega er vísað til þess að miðað við

<sup>95</sup> Í vöndlun felst að tvær vörur eru eingöngu seldar saman í pakka (hrein vöndlun) eða að tvær vörur séu seldar í sitt hvoru lagi en séu þær keyptar saman fást þær á betra verði en annars (blönduð vöndlun). Með samtvinnun er átt við að viðskiptavinir sem kaupa eina vöru af tilteknum aðila verða að kaupa einnig aðra vöru af sama aðila. Samtvinnun getur verið tæknileg eða á samningsgrundvelli. Þegar um ræðir tæknilega samtvinnun virkar varan sem upprunalega er keypt aðeins ef önnur vara er keypt af sama aðila (en ekki af keppinautum hans). Einnig getur það falið í sér samtvinnun ef viðskiptavinurinn skuldbindur sig með samningi við kaup á einni vöru til þess að kaupa einnig aðra vöru af sama aðila.

<sup>96</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 99.

þær forsendur sem SE hefur lagt til grundvallar við mat á markaðshlutdeild er TM með 21,3% hlutdeild á skaðatryggingamarkaði og 13,1% á líftryggingamarkaði, og á TM í samkeppni við þrjú önnur stór váttryggingafélög. Þá býr Landsbankinn við samkeppnislegt aðhald tveggja annarra stórra viðskiptabanka, auk annarra minni aðila. Af framangreindu má leiða að ekki er búist við að áhrif vöndlunar eða samtvinnunar samrunaaðila, ef hún kæmi til, yrði veruleg.

- (137) Í leiðbeiningarreglunum kemur einnig fram að það kunni að hafa þýðingu við mat á því hvort samrunaaðilar muni geta útilokað keppinauta sína hvort keppinautarnir geti beitt mótvægisáðgerðum við samtvinnun eða vöndlun hjá samrunaaðilum. Þannig kunni það að draga úr útilokandi áhrifum ef keppinautar samrunaaðila geta keppt við vöndlunina eða samtvinnunina, s.s. með verðhegðun.<sup>97</sup> Líkt og fyrr segir ríkir virk samkeppni á mörkuðum samrunaaðila og eru sterkir keppinautar til staðar. Að mati samrunaaðila bendir það til þess að keppinautarnir myndu hafa burði til þess að beita mótvægisáðgerðum með þeim hætti sem hér er lýst.
- (138) Þá er rétt að geta þess að viðskiptavinir geta haft hvata til að kaupa viðkomandi vörur á einum stað (one-stop-shopping), í stað þess að kaupa frá mörgum aðilum, t.d. til að spara viðskiptakostnað. Sú staðreynd að sameinað félag muni hafa breitt vöruframboð veldur, sem slík, ekki áhyggjum út frá samkeppnislegu sjónarhorni með hliðsjón af framangreindu.<sup>98</sup>
- (139) Í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB kemur einnig fram að meta skuli hvort möguleg samtvinnun eða vöndlun sameinaðs fyrirtækis sé líkleg til að hafa, heildstætt séð, slæm áhrif á verð og úrval á markaði. Í því sambandi kemur fram að ef til staðar eru öflugir keppinautar sem selja vörur samrunaaðila í sitt hvoru lagi (e. *single-product players*) eftir samruna, er samsteypusamruni ólíklegur til að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.<sup>99</sup> Með vísan til fyrri umfjöllunar um markaðsaðstæður og keppinauta samrunaaðila verður að telja að þetta eigi við um samruna Landsbankans og TM, enda hafa viðskiptavinir Landsbankans eftir sem áður val um að eiga viðskipti við þrjú önnur tryggingafélög, auk fleiri aðila á sviði persónutrygginga, óháð því hvar þeir stunda bankaviðskipti. Þá munu viðskiptavinir TM áfram hafa val um að stunda bankaviðskipti við þann banka sem þeir kjósa. Neytendur hafa val um hvort þeir velja að eiga viðskipti við banka sem í samstæðu sinni reka bæði almenna bankþjónustu og váttryggingastarfsemi, eða við banka sem eru ótengdir tryggingafélögum.
- (140) Í áður nefndri ákvörðun SE nr. 27/2016, (Samruni Arion banka hf., Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf.), var fjallað um möguleg skaðleg áhrif af samruna viðskiptabanka og tryggingafélags. Í ákvörðuninni var getið um áhyggjur keppinauta samrunaaðilanna í því máli af því að Arion banki hf. myndi byrja að tvinna saman vörur í viðskiptabankastarfsemi við vörur í váttryggingastarfsemi þannig að það fæli í sér óhóflega bindingu neytenda við samrunaaðila. Svipaður áhyggjur voru viðraðar í ákvörðun SE nr. 5/2021 (Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.).

<sup>97</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 103.

<sup>98</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 104.

<sup>99</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 113.

Samrunaaðilar telja að líkt og SE komst að í fyrrnefndum tveimur ákvörðunum sé ekkert tilefni til slíkra áhyggja í þessu máli.

- (141) Hlutdeild samrunaaðila á váttryggingamörkuðum er lýst í kafla 3 hér að ofan. Í skaðatryggingum er TM næst smæsti keppinauturinn með 21,3% markaðshlutdeild og í líftryggingum er TM smæsti keppinauturinn með 13,1% markaðshlutdeild og í báðum tilvikum keppir TM við þrjú öflug félög sem eru ýmist sjálf skráð í kauphöll eða móðurfélög þeirra. Þá telja samrunaaðilar sömu rök gilda og í áðurnefndum ákvörðunum SE nr. 27/2016 og nr. 5/2021, þ.e. líkt og að framan greinir, njóta samrunaaðilar ekki það öflugrar stöðu á viðkomandi mörkuðum að hætta sé á því að skaðleg samsteypuáhrif leiði af samrunanum vegna stöðu sameinaðs félags á váttryggingamarkaði. Kemur þá til skoðunar hvort sú hætta geti stafað af stöðu Landsbankans á fjármálamörkuðum.
- (142) SE hefur á undanförunum árum fjallað um samkeppnisaðstæður á viðskiptabankamarkaði og öðrum fjármálamörkuðum. Nefna má sérstaklega í því sambandi ákvörðun SE nr. 9/2016, (Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands) og ákvörðun SE nr. 5/2021, (Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.). Samruninn leiðir til þess að innan samstæðu Landsbankans mun fara fram alhliða váttryggingarþjónusta. Með því mun Landsbankinn öðlast tækifæri til þess að breikka þjónustuframboð sitt. Slík breyting hefur þegar átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði með það að markmiði að auka og efla tekjustoðir félaga.
- (143) Líkt og hefur komið fram í framangreindum úrlausnum SE nr. 27/2016 og nr. 5/2021 vörðuðu áhyggjur umsagnaraðila aðallega mögulega hættu á því að trúnaðarupplýsingar sem viðkomandi fjármálafyrirtæki byggju yfir væru notaðar til markaðssóknar á váttryggingamarkaði. Í þessu samhengi hefur hið lagalega umhverfi þýðingu, svo sem SE hefur byggt á við úrlausn umræddra mála. Fyrir liggur að löggjafinn hefur heimilað bæði eignarhald fjármálafyrirtækja á váttryggingafélögum og öfugt. Í frumvarpi sem varð að eldri lögum um váttryggingar, nr. 60/1994, kemur fram það mat löggjafans að heimildir váttryggingafélaga til þess að stunda fjármálastarfsemi í sérstökum félögum, þar á meðal reka banka, styrkti samkeppnisstöðu íslenskra váttryggingafélaga.<sup>100</sup> Í öðrum lögskýringagögnum hefur í þessu samhengi verið vísað til þróunar á eðli fjármálaþjónustu. Ljóst er hins vegar að nokkur kerfisáhætta og aðrar áhættur (t.d. smithætta (e. contagion risk)) geta skapast þegar saman renna t.d. öflugur banki og öflugt váttryggingafélag. Slík sameiginleg félög geta, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, verið skilgreind sem „fjármálasamsteypur“ og lúta sem slík sérstöku eftirliti samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
- (144) Í lögum er að finna ákvæði sem ætlað er að tryggja formlega aðgreiningu og sjálfstæði milli viðskiptabanka og váttryggingafélags innan sömu samstæðu. Tilgangur þessara ákvæða er m.a. að vinna gegn hagsmunaárekstrum og hættu á samkeppnishömlum. Landsbankinn og TM verða formlega áfram sérstök félög sem bæði eru starfsleyfis skyld skv. sérlögum sem um þau gilda, þ.e. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 í tilviki Landsbankans og lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 í tilviki TM. Samkvæmt 23.

<sup>100</sup> Sjá 2. kafla í almennum athugasemdum frumvarpsins: <https://www.althingi.is/altext/117/s/0663.html>.



gr. laga nr. 161/2002 ber Landsbankanum að reka TM sem sérstakt félag<sup>101</sup>. Um hvort félag fyrir sig gilda sjálfstæðar kröfur til m.a. stjórnar, ábyrgðar stjórnar, framkvæmdastjóra, stjórnarháttá, áhættustýringar, regluvörslu, innra eftirlits, viðskiptahátta og fjárhagsuppgjóra. Ýmis sérlög, sérreglur, viðmiðunarreglur, tilmæli og leiðbeiningar gilda jafnframt um starfsemi hvors félags fyrir sig. Félögin eru hvort um sig háð sjálfstæðu eftirliti FME. Þessi lagalega aðgreining félaganna og formlegt sjálfstæði þeirra eru mikilvæg grundvallaratriði þegar kemur að sambandi og samstarfi þeirra. Eignarhald Landsbankans á TM og samstarf félaganna má ekki fela í sér eða leiða til þess að ofangreindum kröfum laga, sérlaga, sérreglna, viðmiðunarreglna, tilmæla og leiðbeininga sé ekki eða verði ekki framfylgt. Landsbankanum er þannig skylt í samræmi við þessi lagaákvæði að gæta aðskilnaðar í starfsemi bankans annars vegar og TM hins vegar.

- (145) Í þessu sambandi er vísað m.a. til 3. mgr. 21. gr. laga nr. 161/2002 þar sem kemur fram að lánastofnununum, og þar með viðskiptabönkum, er heimilt að veita þjónustu í umboði annarra, svo sem m.a. váttryggingafélaga, enda telji FME þá starfsemi hvorki skerða möguleika þeirra til þess að veita þjónustu samkvæmt starfsleyfi sínu né skerða möguleika þess til að hafa eftirlit með starfseminni. Skal FME tilkynnt fyrir fram um áform viðkomandi svo að mat þess geti legið fyrir áður en veiting þjónustunnar hefst.<sup>102</sup>
- (146) Jafnframt er vísað til laga um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019 sem kveða á um að váttryggingafélag geti gert samning við váttryggingaumboðsmann um dreifingu á váttryggingum félagsins.<sup>103</sup> Kveðið er á um váttryggingaumboðsmenn í IV. kafla laganna. Í 3. tölul. 3. gr. laganna er kveðið á um heimildir til dreifingu váttrygginga. Starfsemi Landsbankans að því er varðar dreifingu váttrygginga mun því verða afmörkuð af ákvæðum þessara laga og verða háð eftirliti FME.
- (147) Það er afstaða Landsbankans að gæta þurfi sérstaklega að viðskiptalegum ákvörðunum sem falið geta í sér samtönnun eða vöndlun vara á sviði viðskiptabankastarfsemi annars vegar og váttryggingastarfsemi hins vegar. Landsbankinn er mjög meðvitaður um stöðu sína á viðskiptabankamarkaði hér á landi. Þótt Landsbankinn telji sig ekki vera í markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga, sbr. 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga, á þeim mörkuðum sem bankinn starfar, leggur bankinn afar ríka áherslu á ábyrgja samkeppni og forðast eftir fremsta megni að taka ákvarðanir sem gætu með einhverju móti skert samkeppni. Þessi afstaða mótar viðhorf Landsbankans til samtönnunar og vöndlunar. Bankinn er þannig meðvitaður um að greina þarf viðskiptalegar ákvarðanir, t.d. varðandi vöruframboð og þóknarir, m.t.t. þess hvort þær feli, eða geti falið í sér vöndlun eða samtönnun. Það er helst að til greina komi að ákvörðun feli í sér blandaða vöndlun, enda er afar ólíklegt að þær feli í sér samtönnun eða hreina vöndlun. Þegar talið er að slíkt geti átt við er farið sérstaklega

<sup>101</sup> Í 23. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er kveðið á um heimild viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja til þess að reka váttryggingafélag. Ákvæðið er svohljóðandi: „Viðskiptabönkum, sparisjóðum [[með stofnframlag skv. 1. mgr.] <sup>1)</sup> 14. gr.] <sup>2)</sup> og lánafyrirtækjum er heimilt að reka váttryggingafélag í sérstöku félagi“.

<sup>102</sup> Sjá umfjöllun um þetta ákvæði í ákvörðun SE nr. 27/2016, bls. 17 og 18.

<sup>103</sup> Seðlabanki Íslands heldur skrá yfir m.a. váttryggingaumboðsmenn í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga. Skráin er birt á vef Seðlabankans: <https://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Skra-yfir-vatryggingamidlara-vatryggingaumbodsmenn-og-adila-sem-dreifa-vatryggingum-sem-aukaafurd-upd-24.-mai-2024.pdf>.

yfir það hvort aðrar leiðir séu færar sem leiða til þess að ekki verði um að ræða samtvinnun eða vöndlun, en ella eru samkeppnisréttarleg áhrif ákvörðunarinnar skoðuð nánar og ákvörðunin útfærð á grundvelli slíkrar skoðunar. Landsbankinn leggur þannig áherslu á að ákvarðanir séu í samræmi við þau viðmið sem lögð hafa verið til grundvallar í samkeppnisrétti við mat á lögmæti samtvinnunar og vöndlunar. Framangreint verður lagt til grundvallar ákvörðunum sem tengjast munu bæði viðskiptabankastarfsemi bankans og váttryggingastarfsemi TM.

- (148) Bankinn telur eftir sem áður rétt í þessu sambandi að minnst á að viðskiptavinir bankans kunna að njóta mismunandi kjara vegna mismunandi umfangs viðskipta, svo sem hjá viðskiptavinum í Einkabankaþjónustu bankans. Einnig skal tekið fram að í vildarkerfi bankans til einstaklinga, sem heitir „Aukakrónur“, er skilyrði að viðkomandi hafi kreditkort, enda er fríðindasöfnun beintengd veltu á slíku korti. Slíkt kort er hægt að fá án stofn- eða árgjalds og ekki er gerð krafa um önnur viðskipti við bankann.
- (149) Í samhengi við ofangreint skal tekið fram að Landsbankinn hefur hug á því að krossselja vörur sínar og TM. Lykiláhersla er lögð á að bjóða viðskiptavinum bankans að kaupa tryggingar hjá TM, með beinum hætti í samskiptum við viðskiptavini og með tæknilegum lausnum, svo sem í gegnum Landsbankaappið. Ekki hafa verið uppi bein áform um krosssölu á bankavörum til viðskiptavina TM, en eðli málsins samkvæmt mun samruninn opna fyrir tækifæri á slíku, sem kunna að verða tekin til skoðunar á einhverjum tímapunkti.
- (150) Önnur starfsemi Landsbankans sem tengjast mun starfsemi TM mun byggjast á mögulegri útvistun verkefna innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016,<sup>104</sup> leiðbeinandi tilmælum FME nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum, leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitstofnunarinnar um m.a. útvistun. Þá mun lögfesting nýs regluverks um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar (e. DORA) hér á landi fela í sér nýjar og ítarlegri kröfur um útvistun. Útvistun verkefna er þannig háð ströngum reglum, fyrirfram tilkynningu til FME og eftirliti FME.
- (151) Hvað varðar mögulega hagnýtingu og/eða miðlun upplýsinga úr upplýsingakerfum annars samrunaaðila í þágu hins benda samrunaaðilar á að slík háttsemi þyrfti að samræmast þagnarskylduákvæðum 58. og 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. einnig samsvarandi ákvæði 31. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga. Að þessu virtu telja samrunaaðilar skýrt að meðferð upplýsinga TM annars vegar og Landsbankans hins vegar skuli háttað eins og um ótengd fyrirtæki væri að ræða. Þetta mun m.a. fela í sér að öll miðlun og hagnýting upplýsinga milli félaganna mun lúta þeim takmörkunum og þeim skilyrðum sem kveðið er á um í framangreindum lögum. Ef um væri að ræða upplýsingar varðandi viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna annars samrunaaðila yrði miðlun slíkra upplýsinga til hins

<sup>104</sup> Í 40. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/2016 er útvistun skilgreind með eftirfarandi hætti: „Útvistun (e. *outsourcing*): Fyrirkomulag sem komið er á milli váttryggingafélags annars vegar og þjónustuaðila hins vegar þar sem þjónustuaðilinn framkvæmir verkefni, veitir þjónustu eða stundar tiltekna starfsemi sem váttryggingafélagið sjálft mundi annars sjá um. Þjónustuaðilinn vinnur verkið sjálfur eða með endurútvistun. Þrátt fyrir útvistun ber váttryggingafélagið ábyrgð á því að farið sé að lögum þessum.“



samrunaaðilans háð skriflegu samþykki þess er í hlut á, sbr. 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Slíkt samþykki getur verið veitt á pappír eða með rafrænum hætti í kerfum viðkomandi samrunaaðila. Þá geta skilmálar sem viðskiptavinur samrunaaðila TM samþykkir á pappír eða með rafrænum hætti kveðið á um slíkt samþykki. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað. [...]<sup>105</sup>

- (152) Ef um er að ræða persónuupplýsingar í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 þurfa skilyrði þeirra laga fyrir vinnslu upplýsinganna að vera uppfyllt. Vinnsla felst m.a. í geymslu, miðlun, skoðun og hagnýtingu persónuupplýsinga. Vinnsla persónuupplýsinga þarf að byggjast á lögmætri heimild. Greina þarf forsendur og lögmæti vinnslu áður en hún hefst. Heimild getur byggst á samþykki í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða eða verið nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður, til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, til að vernda brýna hagsmuni eða vegna lögmætra hagsmuna. [...]<sup>106</sup> Einnig skal það nefnt að eftir framkvæmd samrunans verða samrunaaðilar sjálfstæðir ábyrgðaraðilar í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.<sup>107</sup>
- (153) Þá vekja samrunaaðilar einnig athygli á mikilvægi fullkomins fjárhagslegs aðskilnaðar í rekstri váttryggingafélags og fjármálafyrirtækis sem bæði lúti opinberu eftirliti á grundvelli mismunandi laga, sbr. 4. og 5. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og 23. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Nauðsynlegt sé að tryggja að færsla tekna og kostnaðar skili sér á rétta staði og að skuldbindingar og ábyrgðir séu ekki fluttar á milli samrunaaðila.
- (154) Jafnframt leggja samrunaaðilar áherslu á skýran stjórnunarlegan aðskilnað þessara fyrirtækja og vísa í því samhengi m.a. til 3. mgr. 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og sambærilegs ákvæðis 3. mgr. 42. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, sem hvorum um sig ætlað er að fyrirbyggja að stjórnarseta leiði til hagsmunaárekstra á fjármálamarkaði.
- (155) Í þessu samhengi telja samrunaaðilar rétt að hafa til hliðsjónar umfjöllun um lagalegt umhverfi fjármála- og váttryggingafélaga sem fram kemur í fyrrnefndum ákvörðunum SE nr. 27/2016 og nr. 5/2021. Var það mat SE í umræddum málum að ákvæði um aðskilnað og þagnarskyldu milli fyrirtækja væru til þess fallin að varna hvers konar hagnýtingu eða miðlun viðkvæmra upplýsinga til annars vegar Varðar úr viðskiptamannagrunni Arion og hins vegar upplýsingar til TM úr viðskiptagrunni Kviku. SE greinir frá í framangreindum málum að því blasir það við að hvers konar hagnýting eða miðlun viðkvæmra upplýsinga myndu fara gegn þagnarskylduákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. SE mat því að með tilliti til ákvæða laga sem tryggja aðskilnað og þagnarskyldu, að ekki væru forsendur til íhlutunar vegna atriða sem tengjast aðskilnaði í framangreindum málum.

<sup>105</sup> Trúnaðarmál.

<sup>106</sup> Trúnaðarmál.

<sup>107</sup> Sjá umfjöllun um persónuvernd í ákvörðun SE nr. 27/2016, bls. 17 og 18.

Að mati samrunaaðila eiga sömu rök við vegna samruna Landsbankans og TM og því engin þörf fyrir íhlutun í þessu máli.

- (156) Í áðurnefndri ákvörðun SE nr. 5/2021 heimilaði eftirlitið samruna Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. án skilyrða. Samkvæmt ákvörðuninni hafði það vægi að eftir samruna væru tvö váttryggingafélög, þ.e. Vörður og TM, starfrækt undir beinu eignarhaldi banka og tvö stór váttryggingafélög, Sjóvá og VÍS, starfrækt beint undir eignarhaldi lífeyrissjóða og annarra fjárfesta. Á grundvelli þessa taldi SE ekki séð að samruninn væri „til þess fallinn að auka hættu á samhæfðri hegðun á váttryggingamarkaði umfram það sem nú er“. Samrunaaðilar telja sömu sjónarmið eiga við um fyrirhugaðan samruna Landsbankans og TM, enda fela viðskiptin í sér að TM verði áfram undir eignarhaldi banka, þ.e. félagið færast frá Kviku yfir til Landsbankans.
- (157) Einnig vísast til þess að SE hefur áður lagt til grundvallar að víða, þ.e. á Íslandi og í Evrópu, tíðkist það að sama fyrirtækið selji banka- og váttryggingaþjónustu (nefnt „bancassurance“).<sup>108</sup>
- (158) Þá vísast til þess að Kvika hefur lýst yfir áformum um að helmingi kaupverðsins muni vera ráðstafað í að efla bankastarfsemi Kviku. Þannig segir í viðtali við fjármálastjóra Kviku í Viðskiptablaðinu að „[h]elmingur af kaupverðinu á TM verði greiddur út sem arður til hluthafa en þá stand[er] eftir um 14 milljarðar sem bætast við bankastarfsemina“. Salan á TM geri „bankanum kleift að vera með breiðara vöruframboð þegar kemur að lánsfjármögnun fyrirtækja og einstaklinga“.<sup>109</sup> Að mati samrunaaðila er ljóst að slík áform hafi jákvæð áhrif á virkni samkeppni á viðskiptabankamarkaði.
- (159) Samrunaaðilar telja ljóst að samruninn verði hvorki til þess að þeim verði kleift að viðhafa háttsemi sem hefði í för með sér útilokunaráhrif á váttryggingamarkaði né á viðskiptabankamarkaði. Hvað fyrrnefnda markaðinn varðar er ljóst að bæði Sjóvá og Váttryggingafélag Íslands hf. njóta sterkrar stöðu, einkum m.t.t. hárrar markaðshlutdeildar og sterkra vörumerkja. Talsverðs samkeppnislegs aðhalds nýtur einnig við á markaðnum frá Verði tryggingum hf. Að sama skapi hafa Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. sterka stöðu á viðskiptabankamarkaði, og er virkt samkeppnislegt aðhald til staðar frá þeim aðilum sem og öðrum fjármálaþjónustugæfingum, sbr. umfjöllun í málsgrein (119) hér að framan. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að á umræddum mörkuðum eru viðskiptavinir vanir því að kaupa viðskiptabankaþjónustu og váttryggingar í sitthvoru lagi. Markaðsaðstæður eru því ekki með því móti að samruninn geti skapað hættu á útilokunaráhrifum.

<sup>108</sup> Í ákvörðun SE nr. 27/2016 segir til að mynda: „Bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu hefur það tíðkast að sama fyrirtækið selji bæði banka- og váttryggingaþjónustu (nefnt „bancassurance“), t.d. í kjölfar samruna, sbr. umfjöllun hér að framan. Framkvæmd í EES/ESB-samkeppnisrétti sýnir að það er á engan hátt sjálfgefið að slíkur samruni (eða samstarf) raski samkeppni. Í Generali/Commerzbank málinu taldi framkvæmdastjórn ESB ekki að slíkt samstarf sem raskaði samkeppni. Um var að ræða samvinnu fjórða stærsta banka Þýskalands við fjórða stærsta váttryggingafélagið þar sem fyrirtækin seldu þjónustu hvort annars. Taldi framkvæmdastjórnin þvert á móti að samvinnan myndi auka samkeppni. Í Dresdner/Allianz málinu var um að ræða samruna milli Allianz, sem var stærsta tryggingafélag Þýskalands, og Dresdner banka sem var þriðji stærsti viðskipabanki Þýskalands. Þrátt fyrir að samruninn væri talinn bæta stöðu Allianz taldi framkvæmdastjórnin ekki ástæðu til íhlutunar vegna samrunans sem slíks.“

<sup>109</sup> <https://vb.is/frettir/tm-salan-eykur-slagkraftinn-i-bankastarfseminni/>

- (160) Að lokum er vísað til umfjöllunar í málsgreinum (86) og (127) hér að framan, þar sem fram kemur að Landsbankinn kaupir kortatryggingar af Verði tryggingum. Líkt og fram kemur í málsgrein (86) er áætluð markaðshlutdeild Landsbankans á kreditkortamarkaði á bilinu 31-33%, eftir því hvort litið er til innlendrar eða erlendrar veltu. Í dag er það einungis Kvika sem kaupir kortatryggingar af TM, en bæði Arion banki hf. og Landsbankinn kaupa slíkar tryggingar af Verði tryggingum hf. og Íslandsbanki hf. af Vátryggingafélagi Íslands hf. Í öllu falli er það mat samrunaaðila að samruninn komi ekki til með að hafa skaðleg lóðrétt áhrif að þessu leyti vegna öflugrar samkeppni á hlutaðeigandi mörkuðum, sem og með vísan til allra þeirra sjónarmiða sem rakin eru hér að framan.

#### 4.2.4 Möguleg samhæfingaráhrif

- (161) Loks er talið að samsteypusamrunar geti undir vissum kringumstæðum auðveldað samkeppnishamlandi samhæfingu, eða þegjandi samhæfingu. Er talið að samhæfing sé líklegri á mörkuðum sem einkennast af því að auðvelt er að ná sameiginlegum skilningi á skilmálum samhæfingar.<sup>110</sup> Þá verður að vera unnt að viðhalda samhæfingu, en til þess þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt: (i) fyrirtækin sem viðhafa samhæfða hegðun þurfa að eiga þess kost að fylgjast með hvort skilmálum samhæfingarinnar sé framfylgt, (ii) til staðar þarf að vera trúverðugt fyrirkomulag eftirfylgni með skilmálum samhæfingarinnar sem hægt er að virkja ef frávik koma í ljós, og (iii) það mega ekki vera líkur á að keppinautar, mögulegir keppinautar, eða viðskiptavinir geti ógnað samhæfingunni.<sup>111</sup> Samsteypusamruni kann að hafa samstillt áhrif einkum ef hann verður til þess að keppinautum fækkar.<sup>112</sup> Að mati samrunaaðila er ljóst að samruninn mun ekki leiða til þess að aðilum á viðeigandi mörkuðum málsins fækki, heldur er um það að ræða að eignarhald á tryggingafélagi er að færast frá einum banka til annars, sbr. einnig umfjöllun í málsgrein (156) hér að framan. Þá verður ekki séð að samruninn muni að öðru leyti hafa í för með sér hættu á samstilltum áhrifum í framangreindum skilningi.

\*\*\*\*\*

- (162) Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar að samruni Landsbankans og TM hafi ekki í för með sér nein skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum þar sem samrunaaðilar starfa. Þannig verður ekki séð að líkur séu á skaðlegum samsteypuáhrifum, hvorki útilokunaráhrifum né samhæfingaráhrifum, eða að samkeppni sé raskað á neikvæðan hátt. Telja samrunaaðilar því að ekki sé nein ástæða til íhlutunar af hálfu SE vegna samrunans.

<sup>110</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 119.

<sup>111</sup> Sjá leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á láréttum samrunum ((2004/C 31/03), mgr. 41.

<sup>112</sup> Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mat á samrunum sem eru ekki láréttir (2008/C 265/07), mgr. 120.

## 5. kafli

### Fylgiskjöl

- (163) Með samrunaskránni fylgja eftirfarandi skjöl:
1. Umboð.
  2. Bindandi kautilboð Landsbankans í TM, dags. 15. mars 2024 – TRÚNAÐARMÁL.
  3. Samningur milli Landsbankans og Kvikú, dags. 17. mars 2024 – TRÚNAÐARMÁL.
  4. Viðauki við samning Landsbankans og Kvikú, dags. 29. apríl 2024 – TRÚNAÐARMÁL.
  5. Kaupsamningur milli Landsbankans og Kvikú um allt hlutfé í TM, dags. 30. maí 2024 – TRÚNAÐARMÁL.
  6. Útrentun úr hlutfélagaskrá vegna samstæða Landsbankans og TM.
  7. Samningur milli Landsbankans og Varðar trygginga hf. um kaup á kortatryggingum – TRÚNAÐARMÁL.
  8. Uppsögn á umboðssamningi um kynningu og sölu á íbúðalánavernd Landsbankans við Sjóvá – TRÚNAÐARMÁL.
- (164) Þá fylgir afrit af samrunatilkynningu án trúnaðarupplýsinga og afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds.


## 6. kafli

### Yfirlýsing

Undirrituð lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirrituð hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 19. september 2024

Virðingarfyllst,



---

Guðrún Lilja Sigurðardóttir hdl.



---

Fjölur Ólafsson hdl.